



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Stjórnmálafræðideild

BA-ritgerð

Frá frjálshynda til feðraveldis

Frjálshynda stuðningur við kvenfrelsi vika fyrir afturhaldssömu feðraveldi

Gíslína Petra Þórarinsdóttir

September 2010



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Stjórnmálafræðideild

BA-ritgerð

Frá frjálshynda til feðraveldis

Frjálshynda stuðningur við kvenfrelsi vikur fyrir afturhaldssömu feðraveldi

Gíslína Petra Þórarinsdóttir

September 2010

Leiðbeinandi: Svanur Kristjánsson

Nemandi: Gíslína Petra Þórarinsdóttir

Kennitala: 120978-3499

Barátta Íslendinga fyrir sjálfstæði hófst upp úr miðri 19. öld og á sama tíma hófu frjálslyndar hugsjónir að ryðja sér til rúms hér á landi. Í stað þess að telja sér skylt að lúta valdboði að ofan öðlaðist fólk trú á getu og rétt einstaklingsins til að hafa áhrif á eigin örlög og mótun samfélagsins. Mikil bjartsýni ríkti hér á landi og samfara hinni miklu framfaratrú hófu karlar og konur baráttu sína fyrir kvenfrelsi. Um tíma skipaði Ísland sér í fremstu röð hvað varðar kvenréttindi og munu lög þau er sett voru um jafnan rétt kvenna og karla til embættisnáms, námsstyrks og embætta árið 1911 hafa verið einsdæmi í veröldinni. Árið 1911 markaði hins vegar ekki einungis tímamót hvað kvenréttindi varðar. Það ár var einnig borin upp á þingi tillaga þess eðlis að binda kosningarétt kvenna tímabundið við 40 ár og fresta þar með fullum ríkisborgararéttindum þeirra. Staðfastur stuðningur ráðamanna sem skipað hafði veigamikinn sess í framgangi kvennabaráttunnar hér á landi vék á endanum fyrir eiginhagsmunagæslu. Í stað frjálslyndra hugsjóna var konum ýtt til hliðar og við tók íslenskt feðraveldi.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Kenning um feðraveldi	3
Frjálslynd stefna	7
Sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkja Norður Ameríku	7
John Locke.....	7
Kvenfrelsisbaráttan og John Stuart Mill	9
Frjálslyndar hugmyndir taka land á Íslandi.....	11
Barátta fyrir réttindum og frelsi kvenna	14
Kvenfélög og kvennaskólar	14
Bríet Bjarnhéðinsdóttir og stofnun KRFÍ	16
Stjórnmalabaráttan íslenskra kvenna 1907-1911	18
Stuðningur frjálslyndra karla 1882-1911	21
Andstaða við réttindabaráttu kvenna eftir 1911	27
Íslenskir ráðamenn snúast gegn kvenréttindum	27
Karlar óttast framgang kvenna.....	30
Niðurstaða	34
Heimildir	39

Inngangur

Frjálslyndar kenningar, sem eiga rætur sínar að rekja til falls gamalla konungsvelda og nýrrar þjóðskipunar, hófu að nema land á Íslandi upp úr miðri 19. öld. Í þeim kenningum ber hátt sú hugmynd að einstaklingurinn sé fæddur frjálss og hafi rétt til að ráða eigin örlögum. Slíkar hugsjónir veittu kvenréttindabaráttunni hér á landi byr í seglin og varð stuðningur ráðamanna þess valdandi að Ísland skipaði sér um tíma í fremstu röð þjóða hvað varðar kvenréttindi. Í þessari ritgerð verður leitað svara við þeirri spurningu hvað varð þess valdandi að íslenskir valdakarlar létu af þeim stuðningi og sneru baki við frjálslyndum hugsjónum sínum, en kynjamismunurinn var fest í stjórnarskrá árið 1915 er kosningaréttur kvenna til Alþingis var tímabundið miðaður við 40 ár. Þann rétt öðluðust flestir karlmenn hins vegar við 25 ára aldur.

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar verður fjallað um feðraveldiskenningar, leitast við að skilgreina hugtakið feðraveldi og skýra áhrif þess á kvenfrelsisbaráttu 19. aldarinnar og í byrjun þeirrar tuttugustu. Til að skilja sögu kvenna og baráttu þeirra fyrir borgararéttindum og völdum er nauðsynlegt að setja hana í samhengi við vald karla og áhrif þeirra á pólitískt líf. Umfjöllun Sigríðar Matthíasdóttur um stöðu kvenna á Íslandi á 19. öld verður skoðuð auk þess sem stuðst verður við rannsókn Auðar Styrkárssdóttur *From Feminism to Class Politics* um feðraveldið og áhrif þess á frelsisbaráttu kvenna.

Í næsta hluta verður fjallað um frjálslyndar kenningar, upphaf þeirra og innihald. Verður framlag John Lockes til fræðanna sérstaklega skoðað og áhrif verka hans rædd. Auk þess verður fjallað um kvenfrelsisbaráttuna og einn áhrifamesta kennismið hennar John Stuart Mill, en árið 1869 kom bók hans *The Subjection of Women* út. Átti það verk eftir að hafa mikil áhrif á frelsisbaráttu kvenna um allan heim en í bókinni færði Mill rök fyrir því að kúgun kvenna hefði slæm áhrif á þann sem valdinu beitti og að frelsun þeirra yrði mannkyninu öllu til heilla. Að lokum verður í þessum hluta fjallað um hvernig frjálslyndar hugsjónir skutu rótum á Íslandi upp úr miðri 19. öld og höfðu áhrif á baráttu karla jafnt sem kvenna fyrir persónuréttindum og frelsi. Með það fyrir augum verður bók Inga Sigurðssonar *Erlendir Straumar og íslensk viðhorf* sérstaklega skoðað auk verka Svans Kristjánssonar um leið Íslands til lýðræðis.

Því næst verður fjallað um baráttuna fyrir réttindum og frelsi kvenna á Íslandi. Byrjað verður á umfjöllun um áhrif stofnunar kvenfélaga og kvennaskóla á þá baráttu. Verður þar m.a. leitað fanga í verki Auðar Styrkársoóttur *From Feminism to Class Politics* auk bókar Sigríðar Thorlacius *Margar hlýjar hendur: Ágrip af sögu Kvenfélagasambands Íslands*. Leitast verður við að gera hlut Bríetar Bjarnhéðinsóóttur, Kvenréttindafélags Íslands og stjórnmalabaráttu íslenskra kvenna góð skil og þar stuðst við útvarpserindi Bjargar Einarsóóttur *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna*, bók Bríetar Héðinsóóttur *Strá í Hreiðrið* auk verks Sigríðar Th. Erlendsóóttur *Veröld sem ég vil* og annarra verka. Þriðji hluti endar svo á umfjöllun um stuðning frjálsslyndra manna við réttindabaráttu íslenskra kvenna. Verður verk Auðar Styrkársoóttur *Barátta um vald* m.a. skoðað auk verka Svans Kristjánssonar *Ísland á leið til lýðræðis* og greinar Sigríðar Matthíasóóttur *Karlar og viðhorf þeirra til kvenréttinda á Íslandi um aldamótin 1900*. Einnig verður rýnt í verk Gunnars Karlssonar *Frelsisbarátta Suður Þingeyinga og Jón á Gautlöndum* en í Suður Þingeyjarsýslu störfuðu karlar og konur hlið við hlið í Þjóðliði Íslendinga sem m.a. barðist fyrir kvenfrelsi.

Í fjórða og síðasta hluta ritgerðarinnar verður fjallað um hvernig íslenskir valdakarlar sneru baki við frjálsslyndum kenningum og héldu á vit feðraveldisins er þeir ákváðu að kosningaréttur kvenna skyldi lúta öðrum en almennum skilmálum. Verður verk John Markoffs, *Waves of Democracy* skoðað, auk bókar Sigríðar Matthíasóóttur *Hinn sanni Íslendingur* og annarra verka sem þegar hafa verið nefnd. Reynt verður að skýra hvað varð þess valdandi að stór hluti ráðamanna lét af stuðningi sínum við kvenréttindi á sama tíma og greinahöfundar blaðanna réðust harkalega gegn kvennabaráttunni og m.a. leitað fanga í hugmyndafræðilegri umfjöllun um feðraveldið og lögmál náttúrunnar.

Kenning um feðraveldi

Árið 1836 bannaði Charles Norton konu sinni Caroline að stíga fæti inn á heimili sitt og að hitta börn þeirra þrjú talsins, hið elsta sjö ára. Á þeim dögum, mánuðum og árum sem á eftir fylgdu komst Caroline að því að hún hafði ekkert lagalegt tilkall til eigna; það sem hún þénaði, átti eða erfði, tilheyrði eiginmanni hennar; hún hafði ekkert um það að segja hvar börn hennar byggju eða hvernig menntun þeirra væri háttað, og hún gat ekki krafist þess að fá að umgangast þau er eiginmaður hennar sagði skilið við hana. Í stuttu máli var réttur föðursins algjör. Saga Caroline var langt frá því að vera einsdæmi og hinum megin við Atlantshafið var önnur ung kona, Elizabeth Cady, að kynnast því hvað fólst í því að vera kona. Faðir hennar var auðgur dómari og sem barn hlustaði Elizabeth á hann útskýra fyrir niðurbrotnum konum að hann gæti ekki hjálpað þeim að ná til baka býlum sínum, varningi eða hverju því sem eiginmenn þeirra höfðu veðsett, selt eða jafnvel sóað í fjárhættuspilum. Þessar konur voru giftar og því tilheyrði allt það sem þær höfðu áður átt nú eiginmönnum þeirra. Þessi innsýn inn í heim giftra kvenna veitti Elizabeth síðar hvatningu til að verða brautryðjandi í baráttunni fyrir kosningarétti kvenna í Bandaríkjunum. Á Íslandi bjuggu konur á þessum tíma einnig við alvald föðursins eins og sést m.a. á sögu Katrínar Skúladóttur sem 11 ára gömul var lofuð 25 ára gömlum manni að sér fornspurðri. Þegar Katrín, sem var af efnuðu fólki komin, sagði skilið við eiginmann sinn síðar á ævinni stóð hún uppi slypp og snauð þar sem hann hafði sóað hvoru tveggja heimamundi hennar og arfi.¹

Sögur þessara kvenna og annarra verða vart skýrðar nema að setja þær í samhengi við vald karla, samband kynjanna og hugsanleg áhrif þess á pólitískt líf.² Svo til öllum þekktum samfélögum er að einhverju leyti stjórnað af karlmönnum. Það þýðir hins vegar ekki að allar konur séu valdalausar á öllum sviðum lífs síns eða að allir karlmenn hafi völd. Þegar við skoðum tengsl kvenna við hið pólitíska kerfi leggjum við hins vegar augljóslega áherslu á hin formlegu völd ráðandi aðila. Í þessari ritgerð er kyn þeirra sem berjast fyrir valdi og hinna sem taka ákvarðanirnar ráðandi þáttur og væri rannsóknin til einskis gerð ef ekki væri tekið tillit til þess. Til að rannsaka og greina ástæður þess að íslenskir valdakarlar létu af stuðningi sínum við kvenréttindi í byrjun 19. aldar verður því unnið út frá kenningu um feðraveldi og, líkt og Auður

¹Auður Styrkarsdóttir, „From Feminism to Class Politics: The Rise and Decline of Women’s Politics in Reykjavík 1908-1922,“ (Doktorsritgerð, Umeå University: Department of Political Science, 1998), 13-14.

² Sama heimild, 14.

Styrkársdóttir gerir í doktorsritgerð sinni, stuðst við skilgreiningu Önnu G. Jónasdóttur á feðraveldi sem þjóðfélagslegu afli sem ræður úrslitum um hverjir það eru sem hafa yfir að ráða félagslegu og pólitísku valdi samfélagsins. Jafnframt verður unnið út frá þeim aðferðum sem fræðimaðurinn Ruth Lane kynnti sem *Concrete Theory*. Lane leggur m.a. áherslu á að beina sjónum að þeim sem í raun fara með ákvörðunarvald í samfélaginu líkt og hér verður gert, en þeir sem slíkt vald hafa tilheyrta í flestum tilfellum hinni pólitísku elítu.³

Fáir feminískir stjórn málafræðingar hafa á undanförunum árum verið viljugir til að þróa kenningar um feðraveldi og hafa margir þeirra bent á að hugtakið sjálft sé vandráðið þar sem það hafi tilhneigingu til að draga úr og skyggja á þann margbreytileika sem sé að finna hvoru tveggja á milli landa og innan þeirra á ólíkum tímum. Einnig hefur það verið talinn veikleiki feðraveldiskenninga að þeim hætti til að líta framhjá þeim breytileika sem er til staðar á milli einstaklinga óháð kyni og skiptir sköpum fyrir félagslegar rannsóknir. Er þar t.a.m. átt við þann mun sem mismunandi aldur, stétt og kynþáttur felur í sér. Að lokum má benda á að rannsóknum sem leggja áherslu á yfirráð feðraveldis kann að hafa yfirsétt að hugtakið kyn er ekki eingöngu mikilvægt í tengslum við félagsleg yfirráð eða ójafnrétti. Kyn, hvort sem um er að ræða karl- eða kvenkyn, getur einnig verið auðkenni sem ýtir undir félagslega samstöðu, skipulag og siðferðilegan ásetning, líkt og sést t.a.m. á baráttu karla og kvenna fyrir auknum völdum og réttindum á 19. öldinni. Þetta ásamt því hversu erfitt er að staðsetja tilurð feðraveldisins leiddi til þess að hugtakinu var oftast en ekki skipt út fyrir hugtök á borð við karlkyns yfirráð eða samskipti kynjanna. Slík gagnrýni á feðraveldiskenningar á að sumu leyti rétt á sér. Hafa verður fjölbreytileika kynjamyndanna í huga þegar unnið er að rannsókn sem þessari og varast að setja allar konur og alla karla í sama flokk. En það er einmitt þessi fjölbreytileiki sem gerir feðraveldiskenningar svo mikilvægar. Styrkur þeirra felst í því að einblína á hina raunverulegu gerendur í stað þess að horfa eingöngu á formgerð og stofnanir samfélagsins. Án þeirra er erfitt að skilja og útskýra pólitískt samfélag okkar því sé litið fram hjá kyni þeirra sem ákvarðanirnar taka í atburðarás sögunnar hættir okkur til að yfirsjást mikilvægir þættir hennar. Breytingar eiga sér ekki stað í tómarúmi heldur eiga þær sér upphaf í hugum þess fólks er ákvarðanirnar tekur. Í frægri tilvitnum segir að hver sá sem ákvarðar um

³ Auður Styrkársdóttir, *From Feminism to Class Politics*, 33-36.

hvað leikurinn snýst ráði því einnig hverjir fá að leika með. Hugsanir valdhafa, líkt og annarra, eru gjarnan litaðar af ákveðnum hugmyndum um stöðu kynjanna auk ýmissa hlutlægra hagsmuna sem byggja óhjákvæmilega á skynjun þeirra. Sé kyn valdhafa útilokað frá rannsóknum í stjórnmálafræði verður saga þeirra kvenna sem barist hafa fyrir borgaralegum réttindum sínum því aldrei skilin til hlítar.⁴

Staða kvenna í 19. aldar samfélaginu á Íslandi réðist að miklu leyti af kyni þeirra. Í verki Sigríðar Matthíasdóttur *Hinn sanni Íslendingur* tileinkar hún sér þær kenningar Joan W. Scott að litið hafi verið á hinn pólitíska einstakling sem steig fram á sjónarsviðið á 18. og 19. öld sem hvítan miðstéttarmann, sem hafi verið sjálfstæður og skynsamur. Hins vegar hafi verið litið á konur sem óskynsamur og viðkvæmar verur sem væru óhæfar um sjálfstæða hugsun. Þar af leiðandi féllu þær ekki undir skilgreininguna um hinn pólitíska einstakling. Sú skilgreining varð samkvæmt Scott einkennandi fyrir þjóðir heimsins og heldur Sigríður því fram að slíkt eigi vel við um Ísland. Af þessu leiddi að ekki var litið á konur sem part af þjóðinni með sama hætti og karlmenn. Þær voru skilgreindar með öðrum hætti og höfðu annað hlutverk í þjóðríkinu heldur en menn. Í bók sinni varpar Sigríður ljósi á það hvernig menntamenn á Íslandi unnu að því með skipulögðum hætti í byrjun 20. aldarinnar að móta og styrkja einkenni þjóðarinnar. Í samræmi við boðskap þeirra varð fyrsti *karlkyns* landneminn, sem flýði Noreg á 9. öldinni til að sleppa undan harðstjórn konungs tákni hins sanna Íslendinga. Þjóðin var hvött til að þróa með sér karlmannlegar dyggðir á borð við hugrekki og árverkni, sem voru í andstöðu við hugmyndir um kvenlega eiginleika. Samkvæmt þessari hugmyndafræði fólst hlutverk kvenna í þjóðríkinu fyrst og fremst í þremur þáttum: í fyrsta lagi fæddu konur börn, sem var þeirra líffræðilega hlutverk; í öðru lagi, fluttu konur menningararfinn frá einni kynslóð til annarrar, sem var þeirra menningarlega hlutverk; og í þriðja lagi stóðu konur vörð um dyggðir þjóðarinnar, sem var þeirra siðferðilega hlutverk.⁵

Niðurstöður sínar byggir Sigríður á þeim skoðunum sem birtust í skrifum íslenskra menntamanna frá þeim tíma sem rannsókn hennar nær til. Skoðanir þeirra og

⁴ Auður Styrkárdsóttir, *From Feminism to Class Politics*, 32-33 og 200.

⁵ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Constructing Identity. A Critical Assessment of the Gender Perspective in Icelandic Historiography,“ í *Professions and Social Identity: New European Historical Research on Work, Gender and Society*, ritstj. Berteke Waalkijk (Piza: Edizioni Plus Piza University Press, 2006) 138-139.

skrif greinir hún sem þjóðernislega íhaldssemi og tengir þau við þá umræðu sem átti sér stað meðal menntamanna í Vestur-Evópu eftir fyrri heimstyrjöldina um hina meintu hnignun og úrkynjun menningarheima og samfélaga. Kvinnahreyfingin var talin táknmynd þeirrar hnignunar þar sem litið var á aukin réttindi kvenna og þátttöku þeirra á hinu opinbera sviði sem ógn við hið kynjaða þjóðskipulag. Íhaldsmenn brugðust við þessum breytingum með því að styrkja umfjöllunina um fjölskyldulífið og mikilvægi kvenna sem mæðra.⁶ Þetta var þó langt í frá að vera fyrsta skiptið sem fræðimenn og kennismiðir veltu fyrir sér hlutverki kvenna í opinberu lífi. Í verkum frá síðari hluta sautjándu aldar og byrjun þeirrar átjándu má t.a.m. sjá að þekktustu kennismiðir þeirra tíma á borð við Thomas Hobbes og John Locke veltu því fyrir sér af mikilli alvöru hvert hlutverk kvenna í hinni nýju heimsmynd sem var að rísa upp úr rústum fallinna konungsvelda ætti að vera. Í hinu gamla skipulagi höfðu konur verið þátttakendur í stjórnámálum og á opinberum vettvangi en eftir því sem á leið og hugmyndir um frelsi manna og rétt þeirra til að ráða eigin örlögum styrktust í sessi því minni áhrifa nutu konur. Skipuleggjendur hins nýja kerfis voru mjög meðvitaðir um hinn karllæga heim stjórn mála og félagslegra tengsla sem þeir bjuggu í og kenningar margra þeirra höfðu gríðarleg áhrif á skipan mála líkt og sjá má á útbreiðslu kenninga John Lockes um náttúrurétt. Í leit að svari við því hverjir það væru sem ættu að fara með stjórn mála og fyrir hönd hverra komust margir að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að tengja réttindi manna við eignir líkt og gamla kerfið hafði að mörgu leyti gert. Sú breyting varð hins vegar á skipan mála í nýja kerfinu að kyn varð ráðandi þáttur um stjórn mála og rétt þeirra en eignir. Hinn náttúrulegi réttur náði því einungis til karlmannsins, og veitti honum einum yfirráð yfir fjölskyldu sinni, erfðarétt auk pólitískra réttinda. Tilkoma stjórn málaflókka og kosninga á níttjándu öld styrkti feðraveldið enn frekar í sessi þar sem konur voru útilokaðar frá hvoru tveggja.⁷

⁶ Erla Huld Halldórsdóttir, *Constructing Identity*, 139.

⁷ Auður Styrkárssdóttir, *From Feminism to Class Politics*, 17-20.

Frjálslynd stefna

Sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkja Norður Ameríku

Árið 1776 lýstu 13 nýlendur í Norður Ameríku yfir sjálfstæði sínu frá breska konungsveldinu.⁸ Önnur málsgrein sjálfstæðisyfirlýsingar þeirra hefst á þeim orðum að það séu talin augljós sannindi að allir menn séu fæddir jafnir og að þeir hafi hlotið í vöggugjöf frá skapara sínum ákveðin óafsalanleg réttindi. Slík réttindi eru meðal annars talin vera rétturinn til lífs, frelsis og leit að hamingju. Til að tryggja þau réttindi segir í yfirlýsingunni að menn komi á stjórnvöldum sem sækji vald sitt til þeirra sem stjórnað er. Gangi stjórnvöld gegn þeim réttindum sem þeim er ætlað að standa vörð um er það því ekki einungis talinn vera réttur heldur beinlínis skylda borgaranna að brjóta þau á bak aftur og koma á nýjum stjórnvöldum sem skipulögð eru með þeim hætti sem líklegastur þykir til að tryggja varðveislu hinna meðfæddu réttinda.⁹

Sú frjálslynda stjórn málaheimspeki sem þarna var sett fram af höfundi sjálfstæðisyfirlýsingarinnar, Thomas Jefferson, var ekki ný af nálinni heldur útbreidd á síðari hluta 18. aldar og sótt í smiðju heimspekinga á borð við John Locke. Það er vel þekkt að verk Lockes *Tvær ritgerðir um ríkisvald* var skrifað til réttlætningar Blóðlausu byltingunni sem hófst í Bretlandi árið 1688. Robert Filmer hafði áður haldið því fram í bók sinni, *Patriarcha*, að konungar hefðu sama alræðisvald yfir löndum sínum eins og Adam hafði haft yfir sköpunarverkinu. Stúartarnir, sem Filmer var að verja, litu enda almennt svo á að konungar þæðu vald sitt frá guði. Viggarnir, sem börðust fyrir því að umbylta ríkjandi fyrirkomulagi og koma á þingræði þörfnuðust því réttlætningar á gerðum sínum. Þá réttlætningu fundu þeir í samfélagssáttmála Lockes sem síðar birtist meðal annars í sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna.¹⁰

John Locke

John Locke, sem fæddur var á Englandi árið 1632, taldi að endalausar deilur samtímamanna sinna um siðferðileg og trúarleg málefni mætti að miklu leyti rekja til þess hve fræðileg hugtök væru óskýr og ófullnægjandi. Því taldi hann að áður en hægt væri að takast á við stóru viðfangsefnin væri nauðsynlegt að yfirfara þau verkfæri sem

⁸ Carl Lotus Becker, *The declaration of independence: A study in the history of political ideas* (New York, 1966), 3-4.

⁹ Sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna. *The Declaration of Independence: A Transcription*, maí 2010, http://www.archives.gov/exhibits/charters/declaration_transcript.html (sótt 26. maí, 2010).

¹⁰ Becker, 24-29.

heimspekingar hefðu yfir að ráða og sneri sér að því sem kalla mætti þekkingarrýni og hugtakagreiningu. Áhugi Lockes á hugtökum kom þó ekki í veg fyrir að hann beindi athygli sinni að málefnum sjálfum og hefur verk hans *Tvær ritgerðir um ríkisvald* jafnvel verið nefnt biblíu frjálshyggjunnar. Fyrri ritgerðin var skrifuð sem andsvar við kenningum Robert Filmers, hugmyndasmiðs einveldissinna sem áður var minnst á. Síðari ritgerðin fjallar hins vegar um hugmyndir Lockes sjálfs um ríki og náttúrurétt.¹¹ Í verkinu segir Locke að í upphafi hafi allir menn verið frjálsir og sá jöfnuður og frelsi sem fól í sér yfirráð yfir eigin líkama og öllu því sem menn lögðu í líkamlega vinnu hafi gert þeim kleift að vera sjálfs síns herrar. Mönnum var þó ekki heimilt að gera hvað sem þá lysti þar sem þeir voru bundnir af náttúrurétti. Það fól í sér að engum var heimilt að vinna öðrum tjón á frelsi, lífi, heilsu eða eignum. Ríkið, sagði Locke, varð til þegar frjálsir einstaklingar komu saman og gerðu með sér það sem hann nefndi samfélagssáttmála.¹² Með þeim sáttmála mynduðu menn með sér borgaralegt samfélag þar sem meirihlutinn hafði rétt til að taka ákvarðanir fyrir allan hópinn og breyta í hans nafni.¹³ Þótt menn framseldu með þessu svo miklum hluta af frelsi sínu til samfélagsins sem heill, velferð og öryggi þess krafðist, gerðu þeir það með það fyrir augum að varðveita líf sitt, frelsi og fé, eða það sem Locke nefndi einu nafni eigur. Vald samfélagsins mátti því aldrei ná lengra en nauðsynlegt var til að tryggja hag heildarinnar og jafnframt bar því að verja eigur einstaklinganna. Enn fremur hvíldi á yfirvöldum sú skylda að stjórna samkvæmt varanlegum, þekktum lögum og vald sitt máttu þau ekki nota í neinum öðrum tilgangi en þeim að tryggja frið, öryggi og velferð borgaranna.¹⁴ Brytu yfirvöld þennan sáttmála sagði Locke að þegnarnir væru leystir undan þeirri skyldu að hlýða lögnum og mættu grípa til þeirra ráða sem þyrfti til að koma á nýju yfirvaldi.¹⁵ Þessum rétti borgaranna lýsti Locke með eftirfarandi hætti:

Því þar sem ekki er ráð fyrir því gerandi að það sé vilji samfélagsins að löggjafinn hafi vald til að fyrirfara því sem fólk vildi sjá borgið með inngöngu sinni í það, þá kemur löggjafinn á stríði milli sín og þegnanna hvenær sem hann reynir að svipta þá eignum sínum eða hneppa í ánaud og kúga þá undir löglaust vald, og þar með eru

¹¹ Gunnar Skirbekk og Nils Gilje, *Heimspekisaga* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999), 313.

¹² John Locke, *Ritgerð um ríkisvald* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1986), 46-48.

¹³ Sama heimild, 129.

¹⁴ Sama heimild, 154-159.

¹⁵ Sama heimild, 242-243.

þegnarnir leystir undan þeirri skyldu að hlýða lögnum og mega grípa til þeirra ráða sem Guð leyfir mönnum að beita gegn kúgun og ofbeldi.¹⁶

Verk Lockes höfðu mikil áhrif fram eftir öldum og meðal ávaxta þeirra má nefna frækorn upplýsingarstefnunnar sem leiddi af sér stærstu drauma átjándu aldarinnar. Sautjándi öldin var öld erfðasyndarinnar sem lærðir menn þreyttust seint á að úttala sig um. Í verkum Lockes kvað við nokkuð annan tón og jafnvel þó að hann hafi ekki aðhyllst framfaratrú með sama hætti og síðari tíma menn gáfu rit hans þeirri skoðun byr undir báða vængi að menn gætu af eigin rammleik skapað betri heim. Verk Lockes höfðu því, ásamt öðru, þau áhrif að upplýsingarmenn trúðu því að maðurinn gæti haft áhrif á eigin örlög og þyrfti ekki að setja alla sína von á náð og miskunn guðs.¹⁷

Kvenfrelsisbaráttan og John Stuart Mill

Í ritgerðum sínum um ríkisvald bauð Locke ekki neinar skýringar á því hvers vegna konur ættu ekki að hafa nein pólitísk völd þrátt fyrir að segja að þær hafi staðið körlum jafnfætis í ríki náttúrunnar. Rök hans voru hins vegar skýr þegar kom að hjónabandssáttmálanum.¹⁸ Um hann sagði Locke:

En þótt eiginnmaður og eiginkona vinni að sama markmiði, líta þau það ekki sömu augum og hljóta því stundum að vilja fara ólíkar leiðir. Þess vegna er nauðsynlegt að einhver hafi síðasta orðið, það er að einhver stjórnri, og það fellur náttúrlega í hlut karlmannsins því hann er hæfari og sterkari.¹⁹

Konur höfðu eins og áður segir tekið þátt í opinberu lífi fyrir á tímum og gerðu það enn á tímum Lockes, hin nýja skipan sem Locke réttlætti út frá náttúrurétti útilokaði þær hins vegar frá slíkri þátttöku. Konur tóku því þó ekki þegjandi og árið 1706 setti kona að nafni Mary Astell m.a. fram þá spurningu „*ef allir menn eru fæddir frjálsir, hvers vegna eru þá allar konur fæddar í fjötrum.*“²⁰

¹⁶ John Locke, *Ritgerð um ríkisvald*, 243.

¹⁷ Atli Harðarson, „Inngangur“ í *Ritgerð um ríkisvald* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1986), 28-31.

¹⁸ Auður Styrkársoðttir, *From Feminism to Class Politics*, 19.

¹⁹ Locke, 115.

²⁰ Auður Styrkársoðttir, *From Feminism to Class Politics*, 20.

Baráttan um völd á milli hinna nýju og gömlu stétta hélt áfram og konur og staða þeirra í hinni nýju stjórnskipan var hvarvetna til umræðu. Stjórnspekingar ætluðu margir hverjir konum mikilsverðan sess innan veggja heimilisins og margir, líkt og Locke, töldu hann skipta sköpum fyrir samheldni og þróun þjóðfélagsins. Aðrir gengu lengra og sögðu að nauðsynlegt væri að konur sinntu uppeldi komandi kynslóða og léðu heimilinu yfirbragð siðgæðis og góðra mennta. Franski heimspekingurinn Jean Jaques Rousseau (1712-1778) sagði t.d í bók sinni *Emil* árið 1762 að karlmenn lærðu æðri siðgæðisgildi af mæðrum sínum og eiginkonum. Vegna mikilvægi þess að þær miðluðu þessum gildum taldi Rousseau hinn rétta stað þeirra vera innan veggja heimilisins. Aðrir töluðu fyrir réttindum kvenna og þannig taldi heimspekingurinn og stærðfræðingurinn markgreifinn af Condorcet, sem var fulltrúi framsæknari hópsins á byltingarþinginu í frönsku stjórnarbyltingunni, að úr því að ekki ætti lengur að takmarka kosningaréttinn við landareignir og skattgreiðslur væri rétt að konur fengju þann rétt líka. Condorcet var þó eini byltingarforinginn sem tók undir kröfur kvenréttindakvenna af heilum hug og svo fór að hann varð að láta í minni pokann. Árið 1791 var öllum karlmönnum veittur kosningaréttur en engum konum.²¹ Þegar komið var fram á 19. öldina og konur hófu að krefjast kosningaréttar til þjóðþinga gripu margir stjórnámálmenn á lofti hugmyndir þær sem James Mill setti fram árið 1823 um að þar sem feður og eiginmenn færu með eigur kvenna ættu þær ekki rétt á sjálfstæðum kosningarétti. Hagsmunir kynjanna færu alltaf saman. Svo fór að sá kosningaréttur sem konur höfðu þó öðlast í Evrópu og Vesturheimi var víða tekinn af þeim og eftir því sem stjórnskipun þingræðis varð tryggari því meira hallaði á gamlan stjórnálmálarétt kvenna.²²

Segja má að árið 1848 marki upphaf skipulagðrar jafnréttisbaráttu kvenna. Það ár kom hópur kvenna og karla saman í bænum Seneca Falls í New York fylki í Bandaríkjunum. Gagnorð samþykkt sem hópurinn sendi frá sér um réttindi kvenna hratt af stað atburðarás sem fátt gat stöðvað. Í kjölfarið spruttu upp kvenréttindafélög víða um hinn vestræna heim og konur hófu að berjast fyrir borgaralegum réttindum af ýmsu tagi. Kvenréttindakonur eignuðust fljótlega dýrmætan bandamann í einum helsta stjórnspekingi Englands John Stuart Mill, syni James Mill. Rit hans *The Subjection of*

²¹ Auður Styrkárstöttir, „Forspjall“ í *Kúgun kvenna*, ritstj. Vilhjálmur Árnason (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997), 17-18.

²² Sama heimild, 19-20.

Women kom út í Bretlandi, Bandaríkjunum, Ástralíu og Nýja-Sjálandi árið 1869 og tveimur árum síðar hafði það verið þýtt yfir á flest evrópsk tungumál.²³ Í upphafi bókar sinnar segir Mill að sú skoðun hans að það fyrirkomulag að annað kynið sé hinu háð samkvæmt lögum sé óviðunandi og standi þar að auki í vegi fyrir framförum mannkyns hafi ekki einungis staðið óhöggðu um langa tíð heldur styrkst við íhuganir og lífsreynslu. Í stað þess sagði Mill að nauðsynlegt væri að koma á fót skipulagi sem miðaði að fullkomnum jöfnuði milli kynjanna þannig að hvorugt hefði forréttindi eða völd fram yfir hitt eða væri með lögum útilokað frá nokkru sem hitt hefði.²⁴ Mill líkti þeirri siðvenju að karlar hefðu vald yfir konum sínum við þrælshald sem hann sagði að eitt sinn hefði verið réttlætt með þeim hætti að sumir af mannkyninu væru fæddir til að vera frjálsir en aðrir til að þola ánauð.²⁵ Slíkt vald eins yfir öðrum sagði hann að hefði ill áhrif á sálarlíf þess sem valdið hefði og spillti karlmanninum hvoru tveggja sem einstaklingi og borgara.²⁶ Þessa kenningu sótti Mill í smiðju Mary Wollstonecraft sem í bók sinni *A Vindication of the Rights of Women* sem kom út í Englandi árið 1792 gagnrýndi hugmyndir Rousseaus um eðli og stöðu kvenna í samfélaginu harkalega.²⁷ Mill taldi að margar vondar kenndir mannsins mætti rekja til þeirra ójöfnu skiptingar sem ríkti á milli karla og kvenna og sagði að réttlát og jöfn skipan myndi hafa í för með sér ávinning fyrir allt mannkyn.²⁸

Bók Mills var mjög fagnað af kvenréttindakonum um allan heim. Hér á landi fékkst ritið lengi á ensku og í danskri þýðingu Georgs Brandes fyrir tilstilli íslenskra menntamanna í Kaupmannahöfn, og nýttist íslenskum konum og körlum vel í baráttunni fyrir auknum réttindum kvenna. Að lokum ákvað Hið íslenska kvenfélag að gangast fyrir því að bókin yrði gefin út á íslensku og árið 1900 kom hún út í þýðingu Sigurðar Jónssonar frá Eyjólfsstöðum í Vatnsdal undir heitinu *Kúgun kvenna*.²⁹

Frjálslyndar hugmyndir taka land á Íslandi

Þegar baksvið frjálslyndisstefnu 19. aldar er skoðað bera hátt þær hugmyndir um almenn réttindi þegnanna og náttúrurétt sem hér hafa verið nefndar. Þó ber að hafa í huga að stefnan skiptist niður í ákveðnar greinar. Þær greinar sem töldust

²³ Auður Styrkárstöttir, „Forspjall“ í *Kúgun kvenna*, 26-27.

²⁴ John Stuart Mill, *Kúgun kvenna* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997) 69.

²⁵ Sama heimild, 90 og 229.

²⁶ Sama heimild, 227-234.

²⁷ Auður Styrkárstöttir, „Forspjall“ í *Kúgun kvenna*, 22.

²⁸ John Stuart Mill, *Kúgun kvenna*, 230-236.

²⁹ Sama og heimild 25.

mikilvægastar voru þær sem sneru að takmörkuðum afskiptum ríkisins af efnahagslífi, atvinnufrelsi og frjálsri milliríkjaverslun, auk þeirrar sem lagði sérstaka áherslu á borgaraleg réttindi.³⁰ Á sama tíma og vindar frjálslyndra hugmynda blésu um Vesturálfu ríkti á Íslandi bændasamfélag sem litlum breytingum hafði tekið frá því á miðöldum. Íslendingar höfðu hvorki gert miklar kröfur um þinghald né lýðréttindi þegar Alþingi var endurreist að frumkvæði Danakonungs árið 1843. Þjóðfundurinn árið 1851 var sömuleiðis haldinn að frumkvæði konungs í kjölfar mikils óróa í Evrópu og afsals einveldis árið 1848.³¹ Í kjölfar þessara atburða hófu Íslendingar að berjast fyrir fullveldi sínu undir forystu Jóns Sigurðssonar.³²

Útbreiðsla frjálslyndisstefnunnar á Íslandi mótaðist að mörgu leyti af sérstöðu íslensks samfélags. Hér var t.a.m. ekki að finna öfluga og fjölmenna millistétt og því voru þau öfl sem börðust fyrir framgangi ýmissa borgararéttinda framan af ekki eins öflug hér á landi og víða annars staðar. Tengsl landsins við Danmörku mótaði að sumu leyti útbreiðslu stefnunnar og barátta Íslendinga fyrir auknu sjálfsforræði innan danska ríkisins magnaði áhrif þess þáttar frjálslyndisstefnu sem lýtur að þjóðfrelsi. Dönsk stjórnvöld áttu í raun oft frumkvæði að auknum borgaralegum réttindum í anda frjálslyndisstefnunnar og eins hafði þróun mála í Danmörku mikil áhrif á alla umræðu hér. Setning dönsku stjórnarskrárinnar, sem tók gildi árið 1849, mótaði alla stjórn mála umræðu hér á landi fram til þjóðfundarins 1851. Á næstu árum og áratugum var það reglulega rætt meðal Íslendinga hversu langt ætti að ganga í að innleiða ýmis borgaraleg réttindi í anda frjálslyndisstefnunnar. Voru sett fram margvísleg rök með og á móti slíkum réttindum, ekki hvað síst í umræðum á Alþingi. Árið 1874 urðu þáttaskil í umræðunni og með setningu stjórnarskrár fyrir Ísland var skýrt kveðið á um að landsmenn skyldu, með nokkrum fyrirvörum, njóta ákveðinna borgaralegra réttinda. Þau réttindi voru m.a. trúfrelsi, atvinnufrelsi og féлага- og fundafrelsi, en auk þess var prenfrelsi það sem landsmönnum hafði áður verið veitt staðfest. Á næstu tveimur áratugum sem fylgdu í kjölfarið var það nokkuð rætt hvernig útfæra skyldi þessi réttindi

³⁰ Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhorf: Áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830-1918* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2006), 73-74.

³¹ Auður Styrkásdóttir, „Forspjall“ í *Kúgun kvenna*, 34-35.

³² Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálslyndi til feðraveldis,“ birtist í *Ritið 1/2008*, ritstj. Björn Þorsteinsson og Gauti Kristmannsson, 63-90 (Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2008), 66.

en þegar komið var fram undir aldamótin 1900 höfðu mörg stefnumál frjálslýndra manna á sviði borgaralegra réttinda orðið að veruleika.³³

Fremur lítil umræða átti sér stað um kvenréttindamál í íslensku samfélagi fram til ársins 1870 þrátt fyrir að ýmsir landsmenn fylgdust með því sem gerðist í þeim eignum erlendis. Ákveðnar breytingar í átt til bættrar réttarstöðu urðu þó á högum íslenskra kvenna frá því 1830 og fram til 1870 en þær má fremur rekja til almennrar þróunar í átt að auknum borgaralegum réttindum en skipulegrar kvenréttindabaráttu. Þróun mála hér á landi mótaðist mjög af því sem átti sér stað í Danmörku. Þannig tók lagasetning hér sem laut að réttarstöðu kvenna í ríkum mæli mið af slíkri lagasetningu þar í landi. Ýmis félög sem íslenskar konur stofnuðu áttu sér einnig beinar eða óbeinar fyrirmyndir í Danmörku. Frumkvöðlar í uppbyggingu íslenskra kvenréttindafélaga virðast hins vegar ekki hafa leitað beinna fyrirmynda þaðan þrátt fyrir að um hliðstæð áhrif frá fjölþjóðlegri kvenréttindabaráttu hafi verið að ræða og að sömu bækurnar, t.d. *Kúgun kvenna* eftir Mill, hafi orðið konum í báðum löndum innblástur. Frá því um 1870 og fram til miðs 9. áratugs 19. aldarinnar átti hér sér stað talsverð umræða um réttindamál kvenna og um það leyti hófst veruleg réttindabarátta þeirra þrátt fyrir að ekki hafi verið um neina heildstæða hreyfingu að ræða. Frá og með miðjum 9. áratug aldarinnar var farið að kynna erlenda kvenréttindabaráttu með markvissum hætti fyrir Íslendingum og héldu þeir straumar áfram að berast til landsins fram yfir aldamótin. Í víðara samhengi má segja að kvenréttindabaráttan hafi verið undir áhrifum frjálslýndisstefnunnar.³⁴ Eftir 1870 hófu frjálslýndar hugmyndir að ryðja sér til rúms hér á landi og áhrifa þeirra gætti mjög í stjórnámálum landsins. Bríet Bjarnhéðinsdóttir lýsti breytingunni með þessum orðum í útvarpsviðtali áratugum síðar:

Eftir 1874 fara nýir menn að koma fram á pólitíska sjónarsviðið hjá okkur. Þeir tilheyra nýrri tíma. Það eru ungu mennirnir frá 1870 sem búa að þeim víðtæku áhrifum sem stjórnarskrárbaráttan og allt sem henni fylgdi hafði á okkur unga fólkið á þeim árum. Við vorum svo hamingjusöm að lifa þá miklu hrifningu sem gekk yfir landið eins og heitur straumur á árunum fyrir 1000 ára hátíðina. Íslenska þjóðin var

³³ Ingi Sigurðsson, *Erlendir straumar og íslensk viðhorf*, 80.

³⁴ Sama heimild, 221-224.

*að kasta af sér andlegum fjötrum, hún var að byrja að læra að hugsa frjálst og sjálfstætt.*³⁵

Einn þessara ungu manna var Jón Ólafsson blaða- og alþingismaður. Árið 1880 gaf hann út bókina *Jafnræði og þekking. Nokkur stjórnfræðileg undirstöðu-atriði um réttan grundvöll sjálfstjórnar*, sem verður að teljast fyrsta verk á íslensku um stjórn málafræði. Í ritinu ræddi Jón ítarlega um kosningarétt og byggðu röksemdir hans sem þar birtust um að rétt væri að binda hann við aldur og önnur almenn skilyrði fremur en kyn, eignir eða opinber gjöld á þeirri grundvallarforsendu frjálslyndrar stefnu að réttur allra frjálsra manna, karla jafnt sem kvenna, sé sá sami.³⁶ Jón var jafnframt stuðningsmaður þess að beinu lýðræði væri beitt í samvinnu við fulltrúalýðræðið og var sú skoðun hans mjög í takt við tíðarandann. Í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga var sú hugmynd sterk að hið æðsta form lýðræðis væri beint lýðræði og um aldamótin 1900 var beina lýðræðið, þar sem konur voru virkir þátttakendur, orðið býsna öflugt hér á landi og þreifst í ágætri sátt við fulltrúalýðræðið.³⁷ Hvarvetna ræddi fólk um og vann að þjóðmálum. Gjarnan fóru þar óbreyttir bændur fremstir í flokki líkt og Þorlákur Guðmundsson þingmaður Árnesinga sem árið 1881 flutti á þingi frumvarp til laga um kosningarétt kvenna, og þeir karlar og konur sem stofnuðu Þjóðlið Íslendinga í Suður-Þingeyjarsýslu og unnu saman að þjóðmálum sem jafningjar.³⁸ Eftir að frjálslyndar hugmyndir festu hér rætur náðu þær mjög skjótri útbreiðslu meðal landsmanna og á árunum 1882 til 1911 má m.a. segja að Ísland hafi skipað sér í fremstu röð þjóða hvað varðar kvenréttindi. Skipti staðfastur stuðningur meirihluta alþingismanna með Jón Ólafsson framarlega í flokki, miklu þar um.³⁹

Barátta fyrir réttindum og frelsi kvenna

Kvenfélög og kvennaskólar

Hin hefðbundna túlkun að stjórn mála eigi sér stað á opinberum vettvangi sem fyllilega sé hægt að skilja frá vettvangi einkalífsins hefur kastað blæju yfir þau hlutverk sem aðrir

³⁵ Bríet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið: Bók um Bríeti Bjarnhéðinsdóttir byggð á bréfum hennar* (Reykjavík: Svart á hvítu, 1988), 18-19.

³⁶ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálslyndi til feðraveldis“, 67.

³⁷ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Áfengislöggjöfin 1887-1909“, birtist í *Saga Saga: Tímarit sögufélags Reykjavíkur XLIV:2*, ritstj. Hrefna Róbertsdóttir og Páll Björnsson, (Reykjavík: Sögufélag Reykjavíkur, 2006), 61-62 og 84-87.

³⁸ Auður Styrkársoðttir, „Forspjall“ í *Kúgun kvenna*, 42-43.

³⁹ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálslyndi til feðraveldis“, 79.

en opinberir gerendur leika í stjórnámum, ekki hvað síst konur.⁴⁰ Konur geta hins vegar hvoru tveggja öðlast skipulagshæfni og komið sér upp tengslaneti með óhefðbundinni stjórnmalapáttöku ekki síður en hefðbundinni. Slík þátttaka getur m.a. falist í þáttöku í hreyfingum eða félögum sem standa utan við hinn opinbera pólitíska vettvang.⁴¹ Formleg réttindi á borð við kosningarétt, aðgang að skólum og opinberum embættum eru ekki einu málin sem telja má til kvenfrelismála. Stofnun kvenfélaga er til merkis um þá breytingu sem íslenskar konur skynjuðu á högum sínum og stöðu rétt eins og íslenskir karlar á 19. öldinni. Í stað þess að fara einungis eftir boðum að ofan var að renna upp tíð þar sem fólk hafði frelsi til að vinna að eigin hag og gat sýnt frumkvæði sér og sínum til hagsbóta. Krafan um kosningarétt kvenna varð ekki öflug fyrir en um og eftir aldamótin 1900 og jafnvel þá þótti mörgum konum mikilvægara að vinna að öðrum málum en þeim sem sneru að baráttu fyrir kosningarétti og öðrum lagalegum réttindum. Íslenskt samfélag tók stakkaskiptum á þessum árum og mörgum þótti meira máli skipta að vekja samlanda sína af margra alda doða og hvetja til sjálfshjálpar og samvinnu en að krefjast kosningaréttar til þings sem fáir vissu deili á. Í ljósi þessa er stofnun og starfsemi íslenskra kvenfélaga afar mikilsverður áfangi í frelsisbaráttu íslenskra kvenna.⁴²

Fyrsta kvenfélag landsins var stofnað að Ríp í Hegranesi þann 9. júlí 1869 og eftir því sem best er vitað var næsta kvenfélag stofnað í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu 25. nóvember 1874. Starfsskrár þessara fyrstu kvenfélaga landsins veita vissa innsýn inn í aldarfar og hugarheim þeirra kvenna sem þá lifðu. Harðindi margra ára reyndust konum sem höfðu marga munna að metta harðbær og hinar sem betur voru staddar þekktu vel til þess hve erfitt var á mörgum bæjum. Vitundarvakning var að eiga sér stað og konur leituðu nýrra leiða í stað þeirra gömlu sem höfðu gengið sér til húðar. Ekki þótti þeim líklegt að feður landsins myndu sinna menntunarmálum kvenna og bæði þessi fyrstu kvenfélög vildu því kenna konum og börnum skrift og reikning sem ekki þóttu sjálfsagðar námsgreinar ólíkt lestri sem almennt var kenndur fram að fermingu.⁴³

⁴⁰ Auður Styrkárstöttir, *From Feminism to Class Politics*, 81.

⁴¹ Sama heimild, 85.

⁴² Auður Styrkárstöttir, „Forspjall“ í *Kúgun kvenna*, 39-40.

⁴³ Sigríður Thorlacius, *Margar hlýjar hendur: Ágrip af sögu Kvenfélagasambands Íslands, héraðssambanda og félaga sem það mynda* (Reykjavík: Kvenfélagasambandi Íslands, 1981), 6-8.

Þessi vitundarvakning varð kveikjan að því að á áttunda áratug 19. aldar voru stofnaðir fjórir kvennaskólar á Íslandi. Með stofnun þeirra gafst stúlkum í fyrsta sinn tækifæri til að fara að heiman í þeim tilgangi að víkka sjóndeildarhringinn og afla sér menntunar. Áhrif skólavistarinnar á stúlkurnar verða seint ofmetin. Auk þess að læra hagnýt störf gafst þeim tækifæri til að svala forvitni sinni og þrá eftir aukinni þekkingu sem oft getur leitt til aukins sjálfstrausts og öryggis. Einnig lögðu skólarnir grunn að sjálfstæðri atvinnu kvenna þar sem kvennaskólapróf þótti góður undirbúningur fyrir barnakennslu. Síðast en ekki síst urðu þeir grunnur að tengslaneti ungra kvenna þar sem í þeim myndaðist oft samkennd og vinátta sem í sumum tilfellum entist ævilangt. Það er því engin tilviljun að margar forystukonur kvenfélaga landsins höfðu áður gengið í einhvern kvennaskólanna. Ein þeirra var Bríet Bjarnhéðinsdóttir sem síðar átt frumkvæðið að stofnun Kvenréttindafélags Íslands.⁴⁴

Bríet Bjarnhéðinsdóttir og stofnun KRFÍ

Bríet Bjarnhéðinsdóttir sem fæddist árið 1856 að Haukagili í Vatnsdal í Húnavatnssýslu verður að teljast stórveldi í sögu íslenskra kvenna.⁴⁵ Hún var ritfær í besta lagi og hafði þennann að vopni í marga áratugi baráttumálum sínum til framdráttar. Bríet var auk þess að vera fyrsta konan sem vitað er til að hafi ritað blaðagrein hér á landi mikilsvirtur blaðaútgefandi. Árið 1859 hóf hún útgáfu *Kvennablaðsins*, sem hún gaf út mánaðarlega þar til í desember 1919, og þremur árum síðar *Barnablaðið* sem kom út í sex ár. Efni beggja blaða skrifaði Bríet að mestu einsömul. Einnig ritstýrði hún *Fjallkonunni*, sem eiginmaður hennar Valdimar Ásgrímsson stofnaði árið 1884 og ritstýrði til dauðadags, mest allt árið 1902. Heimildir herma og að hún hafi átt hugmyndina að stofnun blaðamannafélags á Íslandi þó að hennar sé reyndar hvergi getið sem eins af stofnendum Blaðamannafélags Íslands sem stofnað var árið 1898. Hins vegar er Valdimar eiginmaður hennar talinn meðal örfárra stofnenda þess. Bríet var mikill brautryðjandi kvenréttindabaráttunnar á Íslandi og auk þess að hafa í blaði sínu fjallað um pólitísk réttindi kvenna, aukin afskipti þeirra af opinberum málum og menntamálum fjallaði hún þar um ýmis önnur málefni er sneru að frelsi kvenna. Hún vakti m.a. máls á skóla fyrir vinnukonur, sem voru á þeim tíma fjölmenn stétt, en einnig voru mannúðarmálefni, félagsmál, uppeldismál auk málefna heimilanna henni hugleikin.⁴⁶

⁴⁴ Auður Styrkárdsdóttir, „Forspjall“ í *Kúgun kvenna*, 40-41 og 51.

⁴⁵ Björg Einarsdóttir, *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna II: Erindi flutt í Ríkisútvarpið 1984-1985* (Reykjavík: Bókrún, 1986), 225 og 230.

⁴⁶ Sama heimild, 226.

Bríet sagði sjálf að fyrsti órétturinn sem hún hefði rekist á hafi verið undirokun konunnar. Strax kornung fann hún mikinn mun á aðstöðu karla og kvenna og hvernig sá mismunur endurspegladist í aðstæðum barna. Öll börn lærðu lestur en víðast voru stúlkubörn látin sitja á hakanum með frekari fræðslu. Eins höfðu drengir betri tíma til lesturs ef einhverjar bækur voru á annað borð til á heimilunum, þar sem litlar stúlkur urðu strax að taka ábyrgð á heimilisvinnu og fengu engan tíma til bóklesturs.⁴⁷ Þrá eftir menntun, frelsi og jafnrétti varð veganesti Bríetar út í lífið og þarf því engan að undra að ritstjórnargrein sem birtist í *Fjallkonunni* í ársbyrjun 1885 undir fyrirsögninni *Kvenfrelsi* hafi vakið athygli hennar. Greinin sem skrifuð var af Valdimari Ásgrímssyni fyrsta vetur Bríetar í Reykjavík sagði frá kvenfrelsinhreyfingunni í Bandaríkjunum og lýsti ánauð, réttleysi og menntunarleysi íslenskra kvenna. Í henni sagði orðrétt: „*Hvergi hér á landi er jafn þrælslega farið sem kvenfólk sem í Reykjavík*“, og var þar einkum átt við þrælkun vinnukvenna sem þurftu að vinna mikla erfiðisvinnu fyrir innan við helming þeirra launa sem karlar fengu greitt fyrir sömu eða sambærilega vinnu. Grein þessi varð kveikjan að kynnum þeirra Valdimars og Bríetar sem sjálf var vinnukona. Valdimar var mikill kvenfrelsismaður og deildi með Bríeti sömu hugsjónum og áhugamálum.⁴⁸ Bríet og Valdimar gengu í hjónaband þann 14. september árið 1888. Hjónaband þeirra var hamingjuríkt þau 14 ár sem þau áttu saman og í endurminningum sínum sagði Bríet að vegna sambúðar við hann hefði hún lært að líta meiri heildaraugum á allt, orðið frjálslýndari og víðsýnni.⁴⁹

Bríet fluttist alfarið til Reykjavíkur í ársbyrjun árið 1887 og varð mjög fljótt áberandi baráttukona fyrir kvenréttindum. Fyrir áeggjan Gríms Thomsen skáldbónda á Bessastöðum flutti hún fyrirlestur um hagi og réttindi kvenna í Góðtemplarahúsinu 28. desember það sama ár. Þetta var í fyrsta skipti sem kona hélt opinberan fyrirlestur hér á landi og þótti uppátækið mikil fífldirfska. Unnusti hennar Valdimar mun ekki hafa lesið fyrirlesturinn yfir en það gerði hins vegar vinur hennar Hannes Hafstein. Jón Ólafsson ritstjóri sem áður er minnst á leiddi Bríeti upp á leiksviðið og kynnti hana fyrir áhorfendunum. Bríet sagðist hafa skolfið á beinunum þegar hún stóð ein eftir á sviðinu. Ótti hennar reyndist þó ástæðulaus og eftir á sagðist hún sjálf telja að þessi frumraun

⁴⁷ Bríet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið*, 18-22.

⁴⁸ Sama heimild, 38-40.

⁴⁹ Björg Einarsdóttir, *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna*, 238.

Íslenskrar konu til að vekja áhuga á málefnum kvenna og réttleysi þeirra hafi orðið ýmsum að umhugsunarefni.⁵⁰ Þegar þetta var hafði Bríet ekki haft nein kynni af kvenréttindahreyfingum í öðrum löndum en það átti eftir að breytast. Árið 1904 lagði hún upp í fimm mánaða ferðalag um Danmörku, Noreg og Svíþjóð til að kynna sér ýmis málefni er sneru að menntun barna. Í þeirri ferð kynntist hún nokkrum konum sem stóðu frammarlega í kvenréttindabarátta þeirra landa. Frá þeim og öðrum konum sem voru í forystu Alþjóðasambands kvenréttindafélaga fékk hún hvatningu til að sækja alþjóðþing sambandsins í Kaupmannahöfn sumarið 1906 sem hún gerði. Á þinginu flutti hún skýrslu á ensku um hagi og réttarfarsstöðu íslenskra kvenna og var hún þar eindregið hvött til að koma á fót félagi á Íslandi sem hefði það eingöngu á stefnuskrá að vinna að fullu jafnrétti kvenna og karla á öllum sviðum. Eftir heimkomuna hóf Bríet að ræða við konur um þessi mál og þann 27. janúar 1907 boðaði hún 15 konur til fundar á heimili sínu að Þingholtsstræti 18 þar sem þær stofnuðu Hið íslenska kvenréttindafélag og var Bríet kjörin formaður þess. Nafni félagsins var fljótlega breytt í Kvenréttindafélag Íslands og það jafnan skammstafað KRFÍ.⁵¹

Stjórnmalabarátta íslenskra kvenna 1907-1911

Í *Kvennablaðinu* rökstuddi Bríet stofnun Kvenréttindafélagsins með þeim orðum að öll kvenréttindi hvíldu á einu atriði; kosningaréttinum og kjörgengi. Þetta atriði sagði hún vera hornsteininn að öllum öðrum réttindum og því væri mikilvægt að stofna félag sem sneri eingöngu að því. Félagið mætti ekki hafa nein önnur verkefni á sinni könnu þar sem konur væru almennt séð ekki nógu þroskaðar til að geta sinnt þessu baráttumáli samhliða öðrum verkefnum.⁵² Bríet taldi sig tala af fenginni reynslu, en í fyrstu lögum Hins íslenska kvenfélags sem stofnað var árið 1894 sagði m.a. að tilgangur þess væri fyrst og fremst að auka réttindi kvenna á Íslandi og efla áhuga þeirra á að gæta fenginna réttinda og hagnýta sér þau, auk þess að efla menningu þeirra með samtökum og félagsskap. Kosningaréttur og kjörgengi voru þar ekki nefnd berum orðum en ljóst er að félagið hafði þegar í upphafi pólitísk réttindi kvenna að markmiði og vann það skipulega að þeim fyrstu árin m.a. með útgáfu bókar John Stuarts Mill *Kúgun kvenna* árið 1900.⁵³ Þegar fram liðu stundir sneri félagið sér hins vegar í æ ríkari mæli að

⁵⁰ Björg Einarsdóttir, *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna*, 234-236.

⁵¹ Sama heimild, 240-242.

⁵² Auður Styrkárstöttir, *Baráttan um vald: Konur í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908-1922* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1994), 18.

⁵³ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil: Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907-1922* (Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, 1993), 22-23.

góðgerða- og líknarmálum og réði sú stefnubreyting líklega úrslitum um stofnun KRFÍ.⁵⁴ Bríet gagnrýndi félagið fyrir að vera ekki trútt upphaflegri stefnu sinni en um haustið 1906 hafði hún farið þess á leit við þáverandi formann félagsins Katrínu Magnússon að félagið hefði forgöngu um stofnun kvenréttindafélags. Katrín hafnaði þessari umleitan Bríetar en þó virðist sem gagnrýni hennar á félagið hafi ýtt undir að það stóð fyrir undirskriftarsöfnun til Alþingis meðal kvenna í janúar 1907 þar sem gerð var krafa um jafnrétti karla og kvenna. Hvorki fleiri né færri en 11381 kona skrifuðu undir kröfuna, þar af 1956 konur úr Reykjavík.⁵⁵ Árin á eftir sneri félagið við blaðinu og beitti sér af festu í kvenréttindamálinu með góðum árangri.⁵⁶ Eftir synjun Katrínar töldu Bríet og stallsystur hennar hins vegar ekki annað í stöðunni en að standa sjálfar fyrir stofnun kvenréttindafélags. Í lögum Kvenréttindafélagsins sem samþykkt voru þann 20. mars 1907 sagði eftirfarandi um markmið þess og tilgang:⁵⁷

- *að starfa að því að íslenskar konur fái fullt stjórnmalajafnrétti við karlmenn, kosningarétt, kjörgengi svo og rétt til embætta og atvinnu með sömu skilyrðum og þeir.*
- *að efla þekkingu og glæða áhuga íslenskra kvenna á málefni þessu með fyrirlestrum, blaðagreinum o.fl.*
- *að efla félagsskap og samvinnu meðal íslenskra kvenna, með því að stofna sambandsdeildir víðsvegar um land, sem allar vinna að sama markmiði, hlíti sömu lögum og standi í sambandi við aðaldeildina, sem er í Reykjavík.⁵⁸*

Sú áhersla að án kosningaréttar fengju konur litlu áorkað, hvort heldur væri í málefnum kvenna eða þjóðfélagsins alls, kom skýrt fram í máli fulltrúa á sambandsþinginu sem Bríet sótti árið 1906. Forystukonur þeirra samtaka sem þar komu saman trúðu því að stjórnmalaréttindi væru grundvöllur allra lýðréttinda og á ráðstefnunni var meðal annars rætt um fjárhagslegt sjálfstæði kvenna og bent á að kosningarétturinn einn gæti tryggt það. Vida Goldstein, sem m.a. hafði tekið þátt í stofnun Alþjóðasamtakanna, færði rök

⁵⁴ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, 27-28.

⁵⁵ Sama heimild, 64.

⁵⁶ Sigríður Matthíasdóttir, „Uppnám og uppbrot: Kvenfrelsisstefnan á árunum 1907-1911 og þáttur Hins íslenska kvenfélags“ birtist í *Kosningaréttur kvenna 90 ára: Erindi á málþingi 20. maí 2005*, ritstj. Auður Styrkárðóttir og Kristín Ásgeirsdóttir (Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands og Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum, 2005), 67.

⁵⁷ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, 73.

⁵⁸ Sama heimild.

fyrir því að konur einar gætu gætt hagsmuna kvenna rétt eins og verkamenn einir gætu gætt hagsmuna verkamanna. Kosningarétturinn var því talinn vera tæki til varnar hagsmunum. Slík hagsmunagæsla var þó ekki eini tilgangur þess réttar í hugum þeirra kvenna heldur var hann talinn æskilegur í sjálfu sér. Líkt og John Stuart Mill hafði boðað trúðu þær því að með þátttöku í þjóðfélaginu og þeim ákvörðunum sem teknar væru á opinberum vettvangi öðlaðist fólk þá reynslu og þekkingu sem ein dyggði til að byggja upp gott samfélag. Því var kosningarétturinn jafnframt tæki til að stuðla að auknum þroska fólks.⁵⁹

Þann 27. apríl 1907 stóð Bláðamannafélagið fyrir borgarafundi um almennan kosningarétt til bæjarstjórnar í Reykjavík. Um 500 manns sóttu fundinn og er það til marks um jákvæðni íbúanna gagnvart kvenréttindum að enginn þeirra andmælti kröfunni um jafnan kosningarétt karla og kvenna. Bríet tók til máls á fundinum og kvað ávinning af því að fá konur í bæjarstjórn. Var gerður góður rómur að máli hennar og samþykkti fundurinn tillögu sem fól í sér kosningarétt giftra kvenna til bæjarstjórnar. Þingmenn tóku vel í þessa kröfu og þann 22. nóvember 1907 var frumvarp þess efnis afgreitt sem lög frá Alþingi að fenginni staðfestingu konungs. Þann sama dag staðfesti konungur lög sem veittu konum í Hafnarfirði sama kosningarétt. Árið 1909 fengu svo konur á landinu öllu þessi réttindi.⁶⁰ Frá árinu 1882 höfðu ekkjur og ógiftar konur haft kosningarétt í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum á sömu forsendum og karlmenn. Árið 1902 höfðu þær konur jafnframt hlotið kjörgengi. Með nýjum lögum um kosningarétt giftra kvenna árið 1907 réði hjúskaparstaða flestra kvenna hins vegar ekki lengur úrslitum um kosningarétt þeirra.⁶¹

Kvenréttindafélagið fylgdist náið með framgangi kosningalaganna. Í fundargerð frá 25. september 1907 sést að félagar þess voru þá þegar farnir að skipuleggja þátttöku kvenna í bæjarstjórnarkosningunum sem fram fóru í Reykjavík 1908. Í þeim bauð KRFÍ fram sameiginlegan lista með kvenfélögum bæjarins og gekk ekkert annað stjórnsmálafélag jafn skipulega til verks.⁶² Sú skipulagning skilaði tilætluðum árangri. Konurnar unnu stórsigur, hlutu 21,8% af heildaratkvæðum og náðu allir fjórir frambjóðendur þeirra kjöri. Alls nýttu 1620 manns, eða 57% atkvæðisbærra manna,

⁵⁹ Auður Styrkárstöttir, *Barátta um vald*, 19.

⁶⁰ Sigríður Th. Erlendsstöttir, *Veröld sem ég vil*, 80-82.

⁶¹ Auður Styrkárstöttir, *Barátta um vald*, 25.

⁶² Sama heimild, 31-32.

kosningarétt sinn og var það mun hærrí kosningaþátttaka en áður hafði sést.⁶³ Næst var gengið til kosninga í Reykjavík í janúar 1910 og þá kosið um fimm sæti í bæjarstjórn. Samkvæmt gildandi kosningalögum var dregið um hverjir skyldu víkja sæti og komu nöfn tveggja frambjóðenda kvennaframboðsins upp úr pottinum. Svo fór að kvennaframboðið tapaði einu sæti þrátt fyrir að hljóta litlu minna fylgi en 1908. Fjölgað hafði á kjörskrá en kosningaþátttaka dregist verulega saman og varð hún í raun ekki jafn mikil aftur fyrr en árið 1918. Framboðið naut engu að síður verulegs fylgis meðal þeirra kvenna sem á annað borð kusu.⁶⁴ Sú varð raunin að kvennaframboðið náði aldrei að jafna þann árangur sem það náði 1908 og eftir kosningarnar 1914 hófu konur að skipa sér í flokka með sama hætti og karlar. Þar með var grundvöllinum kippt undan kvennaframboðum þess tíma.⁶⁵

Stuðningur frjálslýndra karla 1882-1911

Framboðshreyfing kvenna lifði ekki sjálfstæðu lífi milli kosninga heldur var um laustengt kosningabandalag kvenfélaga að ræða. Þó er ljóst að konur ætluðu sér mikinn hlut. Kosningaréttur þeirra lagði að velli þá kenningu að konur afsöluðu sér borgararéttindum sínum með hjónabandi. Honum fylgdi að flestar konur í Reykjavík urðu sjálfstæðir borgarar með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja, ekki hvað síst í anda þeirra þroskalyðræðiskenninga sem Mary Wollstonecraft og John Stuart Mill höfðu talað fyrir og Bríet Bjarnhéðinsdóttir hafði tekið upp á arma sína.⁶⁶ Kjarni slíkra kenninga er sá að rétt eins og vöðvinn stælist aðeins við áreynslu skerpist andinn aðeins í glímu við verðugt viðfangsefni. Fólk verður að vera sæmilega upplýst og fá tækifæri til að þroska hæfileika sína á öllum sviðum. Jafnframt krefst lýðræðið þess að öll samskipti fólks séu á jafnræðisgrundvelli. Væri þetta ekki haft að leiðarljósi var lýðræðið dauðadæmt að mati Mary Wollstonecraft.⁶⁷ Slíkar hugmyndir höfðu náð til Íslands þrátt fyrir að stjórn málaumræðan hefði að vissu leyti staðnað í karpi um stjórnskipan landsins, og Íslendingar jafnvel náð að koma á vissu jafnvægi milli beins lýðræðis og fulltrúalýðræðis eins og áður segir. Margir Íslendingar, hvoru tveggja karlar og konur, voru jafnframt á þeirri skoðun að hagsmunir kvenna væru að mörgu leyti frábrugðnir hagsmunum karla og þá hagsmuni töldu konur sig fullfærar um að

⁶³ Auður Styrkárstöttir, *From Feminism to Class Politics*, 110-111.

⁶⁴ Auður Styrkárstöttir, *Barátta um vald*, 52-55.

⁶⁵ Sigríður Th. Erlendsstöttir, *Veröld sem ég vil*, 95-97.

⁶⁶ Auður Styrkárstöttir, *Barátta um vald*, 34

⁶⁷ Auður Styrkárstöttir, „Forspjall“ í *Kúgun kvenna*, 24 og 32.

verja upp á eigin spýtur. Þessi hugsun kom vel fram í orðum Bríetar Bjarnhéðinsdóttur í Kvinnablaðinu í janúar 1907:⁶⁸

Þjóðfélagið þarfnast hvarvetna hinnar nákvæmu, ástríku móðurumhyggju kvennanna. Hvar sem litið er á, ættu þær að vera með. Bæði sem kjósendur og löggjafar, allstaðar þar sem ræða skal um unga og gamla, fátæka, bágstadda og sjúka, allstaðar þar sem menning og siðgæði þurfa talsmenn – þar eru konurnar sjálfsagðar. – Karlmennirnir eru líklega enn þá víðsýnni, þegar til stórmálanna kemur, þeir leggja ef til vill rýmri grundvöll undir stjórnarfar landanna. En þeim yfirsést oftlega í smærri atriðunum og þar njóta konurnar sín betur, með æfðari hagsýni, nærgætni og næmari tilfinningu.⁶⁹

Á árunum 1908-1911 nutu slíkar hugmyndir þó nokkurs brautargengis í Reykjavík.⁷⁰

Hinar frjálslyndu kenningar sem náð höfðu fótfestu á Íslandi urðu þess valdandi að kvennabaráttan fékk mikinn byr í seglin á fyrstu áratugum 20. aldarinnar. Árið 1911 samþykkti Alþingi lög sem kváðu á um jafnan rétt kvenna og karla til embættisnáms, námsstyrks og embætta. Frumvarpið var síðar staðfest af konungi og gefið út sem lög landsins. Mun þessi lagasetning – fyrirvaralaust jafnrétti til náms og allra embætta, þar með talið prests- og biskupsembætta, hafa verið einsdæmi í veröldinni á þessum tíma. Aðeins einn þingmaður, landsskjalavörðurinn Jón Þorkelsson, talaði gegn frumvarpinu. Sérstaklega var hann mótfallinn því að konur fengju að sinna prestdómi og taldi það stangast á við hvoru tveggja kirkjulög og kristnirétt auk þess sem um stjórnarskrárbrot væri að ræða. Hannes Hafstein flutningsmaður frumvarpsins vísaði þessum fullyrðingum Jóns Þorkelssonar á bug með þeim rökum að til þess að um stjórnarskrárbrot væri að ræða þyrfti fyrst að sanna að hin evangelísk-lútherska kirkja fengi ekki staðist ef konur fengju að gegna prestsembættum.⁷¹ Vísaði Hannes þar til hinnar nýju trúarhreyfingar sem rutt hafði sér til rúms hér á landi og boðaði m.a.

⁶⁸ Auður Styrkárstöttir, *Barátta um vald*, 34-35.

⁶⁹ Sama heimild, 35.

⁷⁰ Sama heimild.

⁷¹ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálslyndi til feðraveldis“, 77. Sjá einnig Bríet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið*, 117 um mótmæli Jóns Þorkelssonar.

jafnrétti og frelsi einstaklingsins óháð þjóðfélagsstöðu og kynferði. Kenning Luthers um hinn almenna prestdóm varð hvoru tveggja uppspretta gagnrýni á forræði presta í safnaðarstarfi og kröfu um lýðræði í trúarsamfélagi í hennar höndum. Samkvæmt henni átti hver söfnuður að ráða sínum presti sjálfur og skyldu þeir vera þjónar Guðs og fólksins en ekki herrar.⁷² Árið 1911 samþykkti Alþingi einnig þingsályktunartillögu um að konur skyldu hafa kosningarétt og kjörgengi til jafns við karla og var Ísland þar enn í fremstu röð hvað varðar kvenréttindi, og í röðum ráðamanna var víðtækur stuðningur við kvenréttindi og kvenfrelsi.⁷³ Í byrjun 20. aldarinnar viðurkenndu margir ráðakarlar ekki einungis sanngirnina sem lá að baki réttindakröfum kvenna heldur áttu þær beinlínis dygga stuðningsmenn í þeirra röðum og jafnréttiskröfur áttu liðsmenn í öllum flokkum á Alþingi.⁷⁴ Það lýsir vel viðhorfum til kvenréttindamálsins á þessum árum að kvennaframboðið í Reykjavík árið 1908 virðist hafa þótt bæði sjálfsagt og eðlilegt. Sést það m.a. á því að blöð á borð við *Ísafold* og *Þjóðólf* hældu konum fyrir samheldnina og voru almennt jákvæð gagnvart stjórnmalabátttöku kvenna á þessum tíma.⁷⁵

Vegna valdastöðu sinnar í samfélaginu gegndu karlar lykilhlutverki í baráttunni fyrir kvenfrelismálinu. Allar valdastofnanir samfélagsins voru í þeirra höndum og því var það úrslitaatriði fyrir framgang kvenréttinda að karlar í valdastöðum fengjust til að taka málið fyrir og greiða götu kvenna jafnvel þótt þeir tækju sér ekki sjálfir stöðu sem baráttumenn þess.⁷⁶ Hér á landi var það ekki hvað síst stuðningur bænda sem veitti kvenfrelsisbaráttunni byr í seglin á 19. öld. Þeir vísuðu ekki til erlendra kenningsetninga máli sínu til stuðnings heldur þekkingar og greiningar á stöðu kvenna í íslensku samfélagi. Í hugum þeirra var kúgun kvenna hluti af sögu landsins eins og sást á máli Þorláks Guðmundssonar bónda í Fífuhvammi og þingmanns Árnesinga er hann mælti fyrir frumvarpi sínu um kosningarétt ekkna og ógiftra kvenna á Alþingi árið 1881 og nánar verður vikið að síðar. Árið 1883 gaf Þorlákur jafnframt út litla bók undir heitinu *Hugvekja til sveitabónda* þar sem hann fjallaði um ástandið til sveita. Sagði Þorlákur að best væri ef hjón ynnu saman að velferð heimilisins en hann taldi reynsluna

⁷² Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Löggjöf um stjórn Reykjavíkur 1872-1914,“ Birtist í *Ritið 2/2006*, ritstj. Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Ólafur Rastrick, (Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2006), 40.

⁷³ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálslýndi til feðraveldis“, 77.

⁷⁴ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, 76.

⁷⁵ Auður Styrkarsdóttir, *Barátta um vald*, 51.

⁷⁶ Sigríður Matthíasdóttir, „Karlar og viðhorf þeirra til kvenréttinda á Íslandi um aldamótin 1900“, birtist í *Ritið 1/2008*, ritstj. Björn Þorsteinsson og Gauti Kristmannsson, 33-62 (Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2008), 46.

þó hafa sýnt og sannað að mörg heimili kæmst furðu vel af ef konan væri dugandi jafnvel þó að bóndinn væri duglaus. Aftur á móti taldi hann þess vera fá dæmi að jafnvel fyrirtaksbónda hefði tekist að koma heimilinu vel áfram ef konan væri ekki góðum kostum búin. Í riti sínu *Þingsályktun og Þjóðarmein* frá árinu 1886 sagði Þorlákur að ástandið í íslensku þjóðfélagi væri með þeim hætti að fjöldi fólks væri hnepptur í fjötra sveitastyrks og þurfamennsku í samfélagi fátæktar og vesældar. Líkti hann ástandinu við eins konar herleiðingu sem fáir ættu afturkvæmt úr til frelsis og sorglegast þótti honum að slíkt ófrelsi og volæði bitnaði harðast á mæðrum landsins sem margar mættu bera kross þess ævilangt.⁷⁷

Auk þess að tala fyrir frelsi kvenna líkt og Þorlákur störfuðu sveitakarlar í sumum tilfellum þeim við hlið í frelsisbaráttunni. Skýrt dæmi um það má finna úr Suður-Þingeyjarsýslu þar sem karlar og konur störfuðu saman í Þjóðliði Íslendinga sem var pólitískur félagsskapur er komið var á fót 1. desember 1884.⁷⁸ Í frumskrá Þjóðliðsins var m.a. ákveðið að stefnt skyldi að jafnrétti karla og kvenna. Í tillögum þingeyinga um endurskoðun stjórnarskrárinnar árið 1885 lögðu þeir til að allir, konur jafnt sem karlar, sem ekki væru öðrum háðir sem hjú skyldu fá kosningarétt til Alþingis. Árið 1888 skrifuðu þingeyskar konur ísfirskum kynsystrum sínum opið bréf sem birtist í *Þjóðviljanum*. Sögðust þær hafa dæmt eftir skrifum *Þjóðviljans* að Ísafjarðarsýsla væri eina hérað landsins þar sem konur væru farnar að vakna til vitundar um hag sinn og skoruðu á þær að taka höndum saman og láta eitthvað frá sér heyra á Þingvallafundi. Bréfinu virðist hafa fylgt tillaga að áskorun um kvenréttindi sem ætlast var til að yrði send fundinum. Mun bréf þetta hafa orðið til þess að Skúli Thoroddsen, sýslumaður á Ísafirði og stofnandi *Þjóðviljans*, flutti tillögu um réttindi kvenna á Þingvallafundi og las upp áskorun frá 70 konum í Ísafjarðarsýslu um þau mál. Á sama fundi las Pétur á Gautlöndum upp skjal frá 27 konum í Suður-Þingeyjarsýslu og lýsti jafnframt sjálfur yfir fylgi sínu við kvenréttindamálið. Fyrsta ályktun þingmálafundar suður-þingeyinga um kvenfrelismál var samþykkt árið 1889. Í henni var skorað á þingið að veita konum í sjálfstæðri stöðu kjörgengi í sveitar- og safnaðarmálum, að taka til íhugunar hvernig þoka mætti eignar- og fjárráðum giftra kvenna til jafnræðis gagnvart bændum þeirra og að veita konum jafnrétti við karlmenn til náms og embætta. En kvenfrelsisstefnan var

⁷⁷ Sigríður Matthíasdóttir, „Karlar og viðhorf þeirra til kvenréttinda“, 41. Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálslyndi til feðraveldis“, 79.

⁷⁸ Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautalöndum* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1977), 167 og 196.

ekki einungis rædd í pólitískum stefnuskrám og ályktunum suður-þingeyinga heldur var ekkert mannréttindamál jafn áberandi í umræðum þeirra á meðal. Spurt var um það í sveitarblaði í Mývatnssveit þegar árið 1879 hvort sanngjarnt væri að konur fengju greitt helmingi lægra kaup og þaðan af minna fyrir lengri vinnutíma en karlar. Ári síðar skrifaði Jón Jónsson síðar kenndur við Múla langa grein um kvenréttindi í sveitarblað þar sem hann sagði m.a. að kraftar og hæfileikar kvenna væru bældir og kúgaðir af gömlum óvana og óeðlilegu réttleysi og ófrelsi.⁷⁹

Frjálslýndir vinstrimenn sem höfðu menntað sig í Danmörku líkt og félagar í Þjóðliði Íslendinga þar sem kvenfrelsishugmyndir náðu fótfestu beittu fyrir sig ákveðinni hugmyndafræði til stuðnings baráttumálum sínum. Slíka hugmyndafræðilega umræðu um rétt kvenna til pólitískra embætta var ekki að finna með beinum hætti hjá Þorláki Guðmundssyni. Þrátt fyrir að hann benti á þann órétt sem konur höfðu verið beittar í gegnum aldirnar þegar hann flutti frumvarp sitt um kosningarétt sjálfstæðra kvenna birtu rök hans fremur það viðhorf að samfélagsstaða fremur en kynferði fólks ætti að ráða kosningarétti þess.⁸⁰ Frumvarp Þorláks kvað á um að ekkjur og aðrar ógiftar konur sem stæðu fyrir búi eða ættu á einhvern hátt með sig sjálfar skyldu hafa kosningarétt þegar kjósa ætti í hreppsnefnd, sýslunefnd og á safnaðarfundum, ef þær væru orðnar 25 ára og fullnægðu að öðru leyti þeim skilyrðum sem lög kvæðu á um. Þorlákur lagði hins vegar ekki til að þær fengju kosningarétt til Alþingis af ótta við að slíkt bryti í bága við stjórnarskrána. Árið 1881 tók þingið einnig fyrir annað frumvarp þar sem fjallað var um kosningarétt kvenna. Frumvarpið, sem var sett fram af Einari Ásmundssyni þingmanni Eyfirðinga, fjallaði um stjórn bæjarmála á Akureyri og lagði hann m.a. til að kosningarétt og kjörgengi hefðu allir bæjarbúar 25 ára og eldri, konur jafnt sem karlar, sem uppfylltu almenn skilyrði sem tilgreind voru í frumvarpinu. Frumvarpinu var vísað til nefndar sem gerði á því vissar breytingar. Nýja frumvarpið var að sumu leyti sniðið eftir gildandi lögum í Reykjavík en jafnframt hafði nefndin gætt þess að taka mið af vilja heimamanna og þess vegna m.a. haldið inni ákvæðum um beint lýðræði og jafnan kosningarétt og kjörgengi karla og kvenna. Nýja frumvarpið átti greiða leið í gegnum þingið og er það til marks um að þegar árið 1881 var engin

⁷⁹ Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga*, 196-197.

⁸⁰ Sigríður Matthíasdóttir, „Karlar og viðhorf þeirra til kvenréttinda“, 41-42.

fyrirstaða á Alþingi gegn grunngildum frjálslyndar stefnu um valddreifingu, jafnrétti og heimalýðræði.⁸¹

Einn þeirra þingmanna sem studdi dyggilega við hvoru tveggja frumvarp Þorláks Guðmundssonar og Akureyrarfrumvarpið var Jón Ólafsson. Var hann í forsvari fyrir hópi þingmanna í neðri deild þingsins sem í framhaldi af frumvarpi Jóns Jónssonar landritara um jafnan kosningarétt og kjörgengi karla og kvenna til hreppsnefndar og bæjarstjórnar, lagði fram frumvarp til breytinga á sveitastjórnarlögum. Jón Jónsson hafði lagt sitt frumvarp fram vegna þess að nefnd sem hann átti sæti í og fjalla skyldi um frumvarp Þorláks Guðmundssonar var ekki reiðubúin að ganga nægilega langt í kvenréttindamálum að hans mati. Frumvarp Jóns Ólafssonar og féлага kvað á um jafnan kosningarétt karla og kvenna með sömu skilyrðum og frumvarp Jóns Jónssonar en kjörgengi skyldu karlar einir hafa. Jón Ólafsson tók í þessu samhengi skýrt fram að hann væri sammála því að rétt væri að konur hefðu einnig kjörgengi en sagðist hins vegar telja að mörgum myndi þykja þar of langt gengið og að slíkt frumvarp myndi ekki ná fram að ganga. Í þessum orðum Jóns endurspeglast sá veruleiki sem þjóðkjörnir þingmenn bjuggu við á þessum árum en hann var sá að konungkjörnir þingmenn höfðu í raun neitunarvald um öll lagafrumvörp og konungur hafði virkt neitunarvald um öll lög. Frumvarpið fékk góðar viðtökur í neðri deild þrátt fyrir að einhverjir vildu ganga lengra og veita konum einnig kjörgengi, og var því sent til efri deildar. Þar var því hins vegar fremur illa tekið og voru helstu rök deildarmanna gegn því að með því væri verið að leggja til að veita fólki réttindi sem það hefði ekki beðið um og myndi því ekki nýta. Að lokum fór svo að efri deildin samþykkti einróma samskonar frumvarp og Þorlákur Guðmundsson hafði upphaflega lagt fyrir og var það síðar einnig samþykkt af neðri deild þingsins. Þar með hafði Alþingi samþykkt tvö frumvörp um kvenréttindi árið 1881 sem bæði voru undir augljósum áhrifum frá frjálslyndri stefnu. Akureyrarfrumvarpinu var síðar synjað af konungi en frumvarpið um kosningarétt ekkna og sjálfstæðra kvenna var samþykkt og það prentað sem lög árið 1882.⁸²

Þrátt fyrir að Alþingi hafi árið 1881 samþykkt tvö frumvörp um kosningarétt og kjörgengi kvenna í sveitarmálum sem virðast hafa verið í ósamræmi hvort við annað þarf ekki að felast í því mótsögn. Miðað við umræður á þinginu um réttindi kvenna

⁸¹ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálslyndi til feðraveldis,“ 69-71.

⁸² Sama heimild, 72-74.

voru þingmenn almennt sammála um að ekki ætti að mismuna eftir kynferði. Hins vegar voru þeir mjög meðvitaðir um að staðfestingavaldið væri í höndum konungs og að tilgangslítið væri að samþykkja lög sem hann myndi síðan hafna. Hugmyndafræði margra þingmanna gekk jafnframt út á að lýðræði þróaðist best í baráttunni neðan frá og því væri það hlutverk Alþingis að bregðast við kröfum fólksins. Beðið hafði verið um kosningarétt kvenna en ekki kjörgengi. Meirihluti þingmanna aðhylltist frjálslynda hugmyndafræði og um 1885 var hún orðin alls ráðandi í þeirra hópi. Var þá engin sýnileg andstaða gegn því að veita konum jafnan kosningarétt á við karla og lýsti Alþingi formlega yfir vilja sínum til að ryðja úr vegi öllum lagalegum hindrunum á kosningarétti og kjörgengi þeirra. Andstaða danskra stjórnvalda hægði hins vegar á framgöngu íslenskrar kvenfrelsisbaráttu. Kvenréttindalöggjöfin blandaðist inn í deilur um fullveldiskröfur Íslendinga og átök um réttarstöðu landsins. Þegar Íslendingar hlutu heimastjórn árið 1904 gafst Alþingi meira svigrúm til að vinna að réttindamálum kvenna og markar sú löggjöf frá árinu 1911 sem þegar hefur verið rædd tímamót í þeirri baráttu. Stuðningur frumkvöðla frjálslyndrar hugmyndafræði á Íslandi við kvenréttindi og kvenfrelsi breyttist hins vegar snögglega á árunum 1911-1915 þegar íslenskir valdakarlar sneru baki við réttindabaráttu kvenna og framgangi hennar.⁸³

Andstaða við réttindabaráttu kvenna eftir 1911

Íslenskir ráðamenn snúast gegn kvenréttindum

Bandaríski fræðimaðurinn John Markoff var einna fyrstur til að rannsaka hvernig lýðræðisþróun gengur í bylgjum á heimsvísu. Samkvæmt honum hefur lýðræði í heiminum stundum styrkst en á öðrum tímum átt undir högg að sækja. Slíkar lýðræðisbylgjur verða ekki eingöngu á heimsvísu heldur geta þær einnig átt sér stað innan ríkja.⁸⁴ Í bók sinni *Waves of Democracy* fjallar Markoff m.a. um það hvernig hegðun ráðamanna í hverju landi fyrir sig getur ráðið miklu um framgang kosningaréttar kvenna. Konur og verkamenn voru áberandi í baráttu sinni fyrir kosningarétti í lok 19. aldar og byrjun þeirrar tuttugustu. Algengt var að ráðamenn teldu konur íhaldssamari en menn og á 2. áratug 20. aldarinnar fannst mörgum þeirra vissara að veita þeim kosningaréttinn á sama tíma og verkamönnum til að tryggja visst jafnvægi í samfélaginu. Þessu var þó ekki að heilsa alls staðar og segir Markoff að í þessari

⁸³ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálslyndi til feðraveldis,“ 75-80.

⁸⁴ Sama heimild, 64.

lýðræðisbylgju hafi íhaldssamir stjórnámálamenn í Bretlandi og á Íslandi áfram tregðast við að viðurkenna konur sem fullgilda borgara og veita þeim réttinn til að kjósa.⁸⁵ Árið 1911 var vissulega ár mikilla gleðitíðinda í íslenskri kvenréttindabaráttu. Konur öðluðust fullan rétt til náms og embætta eins og áður kemur fram og Alþingi samþykkti stjórnarskrárbreytingu um kosningarétt og kjörgengi kvenna. En árið markaði einnig önnur tímamót í íslenskri kvenréttindabaráttu. Karlmenntu stigu í fyrsta sinn fram á sjónarsviðið og ræddu kveneðlið og hlutverk kvenna á opinberum vettvangi. Ákveðin skil urðu í viðhorfum til kvenréttinda og andstaðan við þau harðnaði mjög.⁸⁶

Sú breyting sem varð á viðhorfi ráðamanna til kvenréttinda árið 1911 verður ekki rakin til eins manns en þó er ljóst að hlutur ákveðins þingmanns, Jóns í Múla, var stór. Um miðjan febrúar 1911 kaus neðri deild þingsins sér nefnd sem íhuga átti breytingar á stjórnarskrá landsins. Í tillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir mikilli rýmkun á kosningarétti. Skyldi hann ná til allra, kvenna jafnt sem karla, en náð hefðu 25 ára aldri, hefðu óflekkað mannorð, væru öðrum ekki háð sem hjú og stæðu ekki í skuld við þeginn sveitastyrk. Einnig var lagt til að konungskjör þingmanna yrði afnumið en þingið myndi þó áfram starfa í tveimur deildum og átti að kjósa til efri deildar þess eftir ákveðnum reglum sem tryggja áttu kjör eldri og reyndari manna. Var þetta ákvæði rökstutt með því að slíkir menn mynduðu þá kjölfestu fyrir þingið sem nauðsynleg væri við svo takmarkalausa rýmkun á kosningarétti sem tillögurnar bæru í för með sér. Jón í Múla kvaddi sér hljóðs og bar upp breytingartillögu við frumvarpið. Var hún þess eðlis að konur skyldu fá þennan rétt, en ekki fyrr en við *40 ára aldur*. Skyldi aldursákvæðið síðan lækkað um eitt ár á hverju ári uns jöfnum kosningaaldri væri náð. Rök Jóns voru þau að óráðlegt væri að fjölga kjósendum um 2/3 hluta í einu og sagði hann að engin menntuð þjóð hefði þorað að gera slíka tilraun. Jóni mun þó hafa verið kunnugt um að konur í Bandaríkjunum höfðu unnið kosningarétt í mörgum fylkjum, og svo virðist vera sem þetta aldursákvæði hafi alfarið verið hans uppfinning.⁸⁷ Í því samhengi er áhugavert að ryfja upp orð Jóns frá árinu 1879 þegar hann var ungur

⁸⁵ John Markoff, *Waves of Democracy: Social Movements and Political Change* (London: Pine Forge Press, 1996), 85-86.

⁸⁶ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur – þjóðgervi, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004), 233-234.

⁸⁷ Auður Styrkárstöttir, *Barátta um vald*, 40-41.

maður í Þjóðliði Íslendinga um bælingu og kúgun kvenna af gömlum óvana og óeðlilegu réttleysi og ófrelsi.⁸⁸

Frumvarpi Jóns í Múla var hafnað af þinginu árið 1911 en hann var þó ekki eini talsmaður frjálshyggjunnar sem þá hafði snúið við blaðinu.⁸⁹ Jón Ólafsson hafði, líkt og fram hefur komið, verið ötull talsmaður frjálshyggju og talið rétt að kosningarétturinn byggði á almennum skilyrðum þrátt fyrir að vilja stíga varlega til jarðar í þeim efnum til að stygga ekki dönsk yfirvöld.⁹⁰ Árið 1909 ítrekaði Jón frjálslýnd viðhorf sín í tengslum við stjórnarskrárfrumvarp sem lagt var fram af flokksbróður hans Hannesi Hafstein og innihélt takmarkanir á kosningarétti kvenna. Sagðist hann af því tilefni alltaf hafa verið þeirrar skoðunar að hver vera í mannsmynd ætti heimtingu á þeim mannlega rétti sem hann sagði kosningaréttinn vera. Ári fyrir hafði einnig birst grein í blaði hans *Reykjavík* þar sem kvenfulltrúarnir í bæjarstjórn voru boðnir velkomnir. Þar stóð: „Þær báru bæði greind, gíftu og þrek til að sameina sig um 1 lista og þær stóðu fast um hann.“ Þegar Jón Ólafsson skýrði stuðning sinn við frumvarp nafna síns í Múla árið 1911 voru frjálslýndar hugsjónir honum hins vegar víðs fjarri, og sagði hann tillöguna skynsamlega ef litið væri til þess hvernig kvenþjóðin hefði notað þennan rétt sinn í síðustu bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík.⁹¹

Frumvarpið sem Alþingi samþykkti árið 1911 og gerði ráð fyrir jöfnum kosningarétti karla og kvenna var felld af dönskum stjórnvöldum. Það var hins vegar ekki kosningaréttur kvenna sem olli því heldur voru sambandsmál Íslendinga og Dana í hnút. Árið 1913 komu þingmenn sér saman um annað stjórnarskrárfrumvarp sem staðfest var af dönskum yfirvöldum og varð að lögum árið 1915. Þetta frumvarp innihélt einnig ákvæði um kosningarétt og þó svo að Jón í Múla hefði fallið frá árið 1912 voru þau ákvæði mjög í hans anda. Meirihluti nefndar er neðri deild þingsins hafði fengið til að fjalla um málið sendi frá sér eftirfarandi athugasemd um kosningaréttinn:⁹²

⁸⁸ Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga*, 197.

⁸⁹ Auður Styrkárstöttir, *Barátta um vald*, 42.

⁹⁰ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálslýndi til feðraveldis“, 67-69 og 72.

⁹¹ Sama heimild, 81-83.

⁹² Auður Styrkárstöttir, *Barátta um vald*, 42.

Meiri hluti nefndarinnar hefur orðið ásáttur um að halda í aðalatriðum fast við kosningarjettarákvæði frv. 1911, þó með þeim takmörkunum, að hinir nýju kjósendur komi ekki allir í einu, heldur smátt og smátt, þannig að eftir 15 ár sje kosningarjetturinn til neðri deildar orðinn þannig, sem frv. 1911 segir fyrir um. Meiri hluti nefndarinnar telur það varhugavert að fjölga svo kjósendum alt í einu, að núverandi kjósendur sjeu sviftir mest öllu valdi yfir landsins málum.⁹³

Þegar þarna var komið hafði orðið sú breyting á frá árinu 1911 að meirihluti þingheims var samþykktur takmörkunum á kosningarétti kvenna. Slík aldurstakmörk náðu í raun einnig til vinnumanna sem þarna öðluðust kosningarétt í fyrsta sinn. Þingmenn vísuðu hins vegar aldrei beint til þeirra í ræðum sínum heldur töluðu eingöngu um konur. Þetta skýrist að öllum líkindum af því að vinnumenn voru ekki stór hluti kjósenda. Hins vegar var hlutur kvenna í hinum nýja hópi kjósenda afgerandi og voru ein helstu rök þingmanna fyrir aldursákvæðinu þau að óheppilegt væri að hleypa þeim að öllum í einu.⁹⁴

Karlar óttast framgang kvenna

Það var ekki eingöngu á Alþingi sem andstaða kom fram gegn kvenréttindum um og eftir 1911. Í landsmálablöðunum *Ísafold* og *Þjóðólfi* sem áður höfðu verið kosningarétti kvenna hliðholl, hófu að birtast greinar þar sem beinlínis var ráðist að konum og því haldið fram að þær hefðu ekkert til málanna að leggja sem erindi ætti í stjórnsmál. Nýju blöðin, *Vísir* og *Morgunblaðið*, sem stofnuð voru í Reykjavík árin 1913 og 1914 birtu með nokkuð reglulegum hætti fréttir af breskum kvenréttindakonum sem fóru um þær mundir hamförum í Englandi með rúðubrotum og öðrum látum. Voru þeim ekki vandaðar kveðjurnar og þær yfirleitt kallaðar *kvenvargarnir* í fyrirsögnum Morgunblaðsins. Eitt skýrasta dæmið um andstöðu blaðanna gegn kvenréttindum er þó að finna í grein sem rituð var í *Þjóðólfi* árið 1912. Þar var því m.a. haldið fram að íslenskar konur væru „frábærlega“ fáfróðar og áhugalausar um öll opinber mál og léti kona mikið til sín taka í pólitík væri það nánast alltaf vegna tengsla hennar við nákominn karlkyns ættingja, unnusta eða eiginmann, sem hefði miðlað henni þeim

⁹³ Auður Styrkárstöttir, *Barátta um vald*, 42.

⁹⁴ Sama heimild, 42-43.

skoðunum sem hún hefði. Þeim skoðunum héldu konur enn fremur fram með þeim hætti að margir óskuðu þess að konum sem hefðu mikil afskipti af pólitík færi fremur fækkandi en fjölgandi samkvæmt greinarhöfundi. Um stjórnarskrárfrumvarp það sem samþykkt var á þinginu árið 1911 og gerði ráð fyrir jöfnun kosningarétti karla og kvenna hafði höfundur þetta að segja.⁹⁵

... Ef svo fer sem allar horfur óneitanlega eru á að stjórnarskrárfrumvarp síðasta þings verði samþykkt óbreytt aftur á næsta þingi, þá er þar með allt pólitískt vald tekið úr höndum bændastjettarinnar. Stjórnvitrungar vorir munu segja að þar með hafi þeir viljað tryggja rjett lítilmagnans. En margur hygginn maður mun vera þeirrar skoðunar að þar með hafi þeir verið að tryggja vald óvitans.⁹⁶

Af þessu má sjá að öll almenn umræða um kvenréttindi umsnérist á örfáum árum auk þess sem viðhorf ráðamanna þjóðarinnar tóku grundvallarbreytingum.⁹⁷ Andlegir og vitsmunalegir hæfileikar kvenna voru dregnir í efa og ráðandi stéttir óttuðust að missa pólitískt vald úr höndum sér.⁹⁸

Sama ótta um vald kvenna má sjá endurspeglast í orðum Jóns Magnússonar þingmanns þegar hann mælti fyrir tillögnum um hærra aldursviðmið vegna kosningaréttar kvenna. Sagði hann meirihluta nefndarinnar telja varhugavert að rýmka réttinn allt í einu líkt og minnihlutinn vildi gera og að sumir hefðu jafnvel verið tregir til að ganga jafn langt og þó var gert. Taldi hann þá hættu vera fyrir hendi að konur myndu líta á sig sem sérstakan flokk sem aðeins mætti kjósa konur á þing ef þær fengju kosningarétt allar í einu. Benti Jón á bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík máli sínu til stuðnings og ítrekaði ótta heimastjórnarmanna við almennan kosningarétt. Rök þingmanna fyrir sinnaskiptum sínum voru einnig mörg á þessa leið og sagði Lárus H. Bjarnason m.a. að hefðu konur haft almennan kosningarétt árið 1908 þegar tekist var á um *Uppkastið*, hefðu þær komið í veg fyrir að nokkur heimastjórnarmaður hefði náð

⁹⁵ Auður Styrkárstöttir, *Barátta um vald*, 44.

⁹⁶ Sama heimild, 43.

⁹⁷ Sigríður Matthíasstöttir, „Karlar og viðhorf þeirra til kvenréttinda,“ 57.

⁹⁸ Auður Styrkárstöttir, *Barátta um vald*, 44 og Sigríður Matthíasstöttir, „Karlar og viðhorf þeirra til kvenréttinda,“ 53-54.

kjöri í þingkosningunum. Af þessum ástæðum sagði Lárus að full þörf væri á að binda svo um hnútana að kjósendaflóðið kæmi ekki allt í einu.⁹⁹ Í umræðunni staðfesti Jón Ólafsson sinnasskipti sín gagnvart kosningarétti kvenna og sagði að of geyst hefði verið farið í breytingar. Taldi hann rétt að Alþingi spyrnti nú við fótum til að koma í veg fyrir að það hlypi svo á sig að skaðinn yrði jafnvel óbætanlegur.¹⁰⁰ Ótti valdakarla við vald kvenna var greinilegur í umfjöllun þingmanna um kosningaréttinn og beitti Jón m.a. þeim rökum gegn fullum kosningarétti kvenna að kjósendur hefðu ekki farið fram á „að fá allar landsins bréttur inn á þing.“¹⁰¹ Þar vísaði Jón augljóslega til Bríetar Bjarnhéðinsdóttur en að öllum líkindum hefur vaskleg framgangna hennar og annarra kvenna í bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík skotið honum skelk í bringu. Til varnar gegn valdi kvenna greip þessi fyrrum vinur Valdismars, eiginmanns Bríetar, og sá sem forðum leiddi hana á svið þegar hún flutti fyrirlestur sinn um hagi og réttindi kvenna til þess ráðs að veitast að Bríeti og mun það ekki hafa verið í fyrsta sinn.¹⁰²

Á ummælum Bríetar sjálfrar um 40 ára aldursákvæði stjórnarskráfrumvarpsins árið 1913 sést að hún var ekki ánægð með þessar málalyktir en þó taldi hún þessar takmarkanir fyrir kosningarétti kvenna vera skástar af öllum. Ástæðu þess sagði Bríet vera að frumvarpið tryggði konum, þrátt fyrir að þær sem yngri væru þyrftu að bíða nokkur ár, full pólitísk réttindi á við karlmenn yrði það samþykkt. Ótti karlmanna við vald kvenna er einnig undirstrikaður í bréfum Bríetar. Í bréfi sem hún skrifaði 23. september 1913 sagði hún að yngri menn virtust margir vera mótfallnir réttindum kvenna og teldu sig við þau missa völd sem þeir ættu rétt á. Sagði hún þá vera farna að „agitera“ á fundum og í blöðum með því að spyrja hvort núverandi kjósendur væru viljugir til að láta vald sitt í hendur þeirra sem síðar myndu bera þá ofurliði og kölluðu þeir það hættulega byltingu.¹⁰³

Bríeti var það fullljóst að það voru ekki einungis ungir menn sem voru mótfallnir réttindum kvenna heldur höfðu fyrrum frjálshyndir stuðningsmenn þeirra einnig snúið við þeim baki. Í því sambandi sagði hún: „... undarlegt er það að okkar helstu fyrrverandi meðmælendur í neðri deild sem talað höfðu 1911 ákveðið móti þessu 40 ára

⁹⁹ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálshyggju til feðraveldis,“ 86.

¹⁰⁰ Sama heimild,“ 87.

¹⁰¹ Sama heimild,“ 84.

¹⁰² Bríet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið*, 223.

¹⁰³ Sama heimild, 234.

*aldurstakmarki kvenna og felldu það þá – þeir voru frumkvöðlarnir að því nú.*¹⁰⁴ Þó ber að halda því til haga að ekki voru allir þingmenn tilbúnir til að yfirgefa sannfæringu sína og má þar nefna Skúla Thoroddsen og sr. Kristinn Daníelsson sem ítrekuðu stuðning sinn við kvenréttindi. Skúli sagði m.a. að siðferðilegur grunnur laganna krefðist almennra ákvæða um jafnan kosningarétt og jafnt kjörgengi karla og kvenna. Varaði hann þingið við því að hundsa *réttmætar* kröfur kvenna og sagði: „Á Bretlandi sjáum vér þess og dæmi, hversu ýmsar kvenréttindakonur þar hafa fundið sér rétt og skylt, að þola eigi óréttinn – fundið sér skylt, að svífast jafnvel einskis til að knýja fram réttinn.“ En allt kom fyrir ekki og greiddu 18 þingmenn atkvæði með tillögnum. Stjórnarskrárfrumvarpið sem innihélt ákvæði um skertan kosningarétt kvenna var samþykkt af þinginu árið 1914 og ný stjórnarskrá tók gildi árið 1915. Þar með hafði Ísland sem um tíma hafði farið fremst í flokki þjóða hvað kvenréttindi varðar markað sér nýja sérstöðu, þá að binda kynjamisrétti í stjórnarskrá. Menn sem höfðu áður talað í nafni einstaklingsfrelsis héldu því jafnvel fram að konur mættu vel við una og þakka fyrir að fá þann takmarkaða kosningarétt sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Einn af þeim var Jón Ólafsson sem sagði:¹⁰⁵

*Ef maður lítur til þess, hvað það tekur konur í öðrum löndum langan tíma að fá kosningarétt, þá mega þær vera okkur þakklátar, og því fremur, sem þær hafa ekkert gert til að öðlast þennan rétt.*¹⁰⁶

Eftir að hafa verið leiðandi afl á þingi í rúmlega þrjá áratugi voru frjálsslyndir menn komnir þar í mikinn minnihluta árið 1913.¹⁰⁷ Skilaboð meirihluta þingmanna til kvenna voru á þá leið að full mannréttindi væru eingöngu ætluð karlmennum. Konur væru þeim yfirleitt ósammála í þjóðmálum og skyldu því ekki njóta óskertra réttinda.¹⁰⁸

¹⁰⁴ Bríet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið*, 234.

¹⁰⁵ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálsslyndi til feðraveldis,“ 84-87.

¹⁰⁶ Sama heimild, 87.

¹⁰⁷ Sama heimild.

¹⁰⁸ Sama heimild, 90.

Niðurstaða

Hugtakið feðraveldi var ekki fundið upp á 20. öldinni en sögu þess má rekja í það minnsta aftur til ársins 1680 þegar bók Robert Filmers *Patriarcha* kom út. Árið 1965 var hugtakið skilgreint í alfræðiorðabók sem fjölskyldu- eða félagsgerð sem einkennist af karlkyns yfirráðum. Auður Styrkárdsóttir hefur sýnt fram á að slík yfirráð geta tekið á sig mismunandi myndir eftir því í hvaða samhengi þau eru skoðuð. Þannig reyndist bændasamfélagið á Íslandi í kringum aldamótin 1900 mjög móttækilegt fyrir hugmyndum um jafnrétti kynjanna, þrátt fyrir að konur væru í skilningi laganna undir eiginmenn sína settar. Þetta er vísbending um að visst misræmi hafi verið á milli lagabókstafsins annars vegar og hugmynda almennings um samfélagið hins vegar. Það styður við þessa kenningu að konur á Íslandi og víðar, komu fram af meiri ákveðni og gerðu meira tilkall til opinbers valds en þeim var ætlað samkvæmt lögum.¹⁰⁹

Sömu rannsóknir hafa jafnframt sýnt fram á að yfirráð feðraveldisins geta birst með mismunandi hætti eftir því um hvaða svið samfélagsins er að ræða. Líkt og mismunur getur komið fram á milli lagabókstafsins og hegðunar almennings getur birtingarmynd feðraveldisins verið mismunandi eftir því hvort um er að ræða sveitarstjórnar- eða ríkisstjórnarstigið. Konur á Íslandi áttu mun auðveldara með að hasla sér völl og vinna sér inn réttindi á sveitarstjórnarstiginu á fyrstu áratugum 20. aldarinnar heldur en í landstjórnarmálum. Svipaða sögu er að segja um konur annarra landa.¹¹⁰ Þessar birtingarmyndir feðraveldisins sem Auður hefur bent á koma einnig heim og saman við þá staðreynd að hér á landi töluðu íslenskir bændur máli kvenréttinda, í það minnsta upp að því marki að konur sem ættu með sig sjálfar skyldu hafa sömu pólitísku réttindi og karlmenn.¹¹¹ Eins unnu karlar samhliða konum að réttindum allra einstaklinga þar sem frjálslyndar hugmyndir höfðu náð að skjóta rótum. Skýrt dæmi um það er Þjóðlið Íslendinga í Suður-Þingeyjarsýslu þar sem Jón í Múla stefndi ásamt félögum sínum að fullu jafnrétti kvenna og karla.¹¹²

Þegar frjálslyndar hugmyndir höfðu skotið hér rótum varð útbreiðsla þeirra hröð meðal þjóðarinnar sem var, líkt og Bríet Bjarnhéðinsdóttir komst að orði, tilbúin til að

¹⁰⁹ Auður Styrkárdsóttir, *From Feminism to Class Politics*, 197-198.

¹¹⁰ Sama heimild, 198.

¹¹¹ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálslyndi til feðraveldis,“ 78-79.

¹¹² Gunnar Karlsson, *Sjálfstæðisbarátta Suður-Þingeyinga*, 196.

kasta af sér andlegum fjötrum og byrjuð að læra að hugsa frjálst og sjálfstætt.¹¹³ Þeir sem lögðu trú á frjálslýnda hugmyndafræði trúðu á skynsemi mannsins og frelsi einstaklingsins til orðs og æðis.¹¹⁴ Upp úr 1911 voru margir þessara manna hins vegar hættir að hugsa um frelsi einstaklingsins og farnir að meta rétt hans og getu til að krefjast valds yfir eigin örlögum út frá því hvaða hópi hann tilheyrði. Rökin gegn kvenréttindastefnunni voru að miklu leyti byggð á hinum náttúrulega og eðlislæga mun á milli kynjanna og voru rök Jóns í Múla m.a. þau að opinber störf og embætti væru ekki samræmanleg kveneðlinu. Undir þetta tók Jón Ólafsson sem taldi að hvoru tveggja þjóðfélaginu og kveneðlinu yrði stefnt í bráðan voða ef konur færu að beita sér í stjórnámálum. Sagði hann að slíkt myndi leiða til almennrar hnignunar, eðlismunur kynjanna færi forgörðum og smám saman myndu heimilin í landinu leysast upp.¹¹⁵ Athyglisvert er í þessu ljósi að ryfja upp að kvenréttindakonur höfðu áður beitt þeim rökum fyrir sig í baráttunni að sá eðlislægi munur sem væri á kynjunum gerði það að verkum að nærvera kvenna væri nauðsynleg í stjórnámálum.¹¹⁶

Umræðan á Alþingi árið 1911 sýnir að frjálslýnd viðhorf voru þar enn fremur áberandi. Mörgum þingmönnum þótti í raun að umræðan um kosningarétt kvenna væri óþörf þar sem um sjálfsögð mannréttindi væri að ræða líkt og Björn Sigfússon þingmaður Húnavetninga benti á. Aðrir þingmenn tóku í sama streng og mótmæltu því enn fremur að líkamlegt eða andlegt atgervi kvenna kæmi í veg fyrir að þær gætu axlað sömu ábyrgð og karlar. Umræðan um kvenleika og lögmál náttúrunnar færðist engu að síður yfir á áður óþekkt svið hér á landi á árunum 1911-1913. Andstæðingar kvenréttinda nýttu sér það sem þeir sögðu augljósa vankanta á kvenþjóðinni máli sínu til stuðnings. Skynsemi þeirra, vitsmunir og dómgreind voru dregin í efa og umræðan um hina kvenlegu veru og getu kvenna til að taka þátt í stjórnámálum varð áberandi.¹¹⁷ Sambærileg rök gegn kvenréttindabaráttu og litu dagsins ljós hér á Íslandi eru vel þekkt í rannsóknum frá öðrum löndum. Hafa þau m.a. verið sett í samband við kenninguna um hina svokölluðu „krísu karlmennskunnar“ um aldamótin 1900. Sú kenning byggir á þeirri allútbreiddu niðurstöðu að karlmennskan hafi lent í einhvers konar kreppu á

¹¹³ Bríet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið*, 19.

¹¹⁴ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálshyggju til feðraveldis,“ 77-78.

¹¹⁵ Sigríður Matthíasdóttir, „Karlar og viðhorf þeirra til kvenréttinda,“ 56-57.

¹¹⁶ Auður Styrkárssdóttir, *Baráttu um vald*, 35.

¹¹⁷ Sama heimild, 53-54.

þessum tíma.¹¹⁸ Á þessu tímabili höfðu miklar breytingar átt sér stað á skömmum tíma hér á landi. Í langan tíma snerist stjórnmalabaráttan hér fyrst og síðast um að skilgreina stöðu Íslands gagnvart Danmörku en um leið og þorri þingmanna fór að aðhyllast frjálslýnda stefnu tóku þeir að trúá á einstaklingsfrelsið og þ.a.l. kvenfrelsi. Upp úr 1908 breyttust viðhorf ráðamanna til kvenréttinda snögglega en þrennt gerðist það ár sem á þátt í að skýra þá breytingu. Í fyrsta lagi kom fram kvennaframboð í Reykjavík sem vann stórsigur í bæjarstjórnarkosningunum. Í öðru lagi beið Heimastjórnarflokkur Hannesar Hafstein niðurlægjandi ósigur fyrir nýstofnuðum Sjálfstæðisflokki.¹¹⁹ Og í þriðja lagi var áfengisbann, sem konur studdu dyggilega samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu og síðar á Alþingi þvert á vilja Hannesar og fylgismanna hans.¹²⁰ Kjósendum fjölgaði á kjörskrá fyrir hvoru tveggja bæjarstjórnar- og þingkosningarnar 1908 og kosningabátttaka var mikil. Svo virðist vera sem forysta Heimastjórnarflokksins hafi upplifað þær breytingar sem þarna áttu sér stað með þeim hætti að þeir væru að missa undirtökin í íslenskum stjórnmalum og að almennur kosningaréttur yrði þeirra banabiti. Á sama tíma og þingmenn sáu fram á að valdastöðum þeirra stæði ógn af hinum mikla fjölda nýrra kjósenda, sem að mestu leyti samanstóð af konum, virðist stuðningur þeirra við kvenfrelsi hafa gufað upp og mikill meirihluti þeirra verið tilbúinn til að snúa baki við frjálslýndri stefnu og samþykkja skerðingu á kosningarétti og kjörgengi kvenna.¹²¹

Lýðræði í heiminum gengur í bylgjum líkt og sést á umfjöllun John Markoffs í bók hans *Waves of Democracy*. Þannig getur lýðræði styrkst á einum tíma en átt í vök að verjast á öðrum. Þetta á vel við um þróun mála á Íslandi á því tímabili sem hér hefur verið til skoðunar. Upp úr miðri 19. öld hófu frjálslýndar hugsjónir að skjóta hér rótum og náðu þær mjög skjótri útbreiðslu. Mikil bjartsýni og framfaratrú ríkti í landinu og hvarvetna ræddi fólk um og starfaði að þjóðfélagsmálum. Á þessu tímabili dafnaði lýðræðið í landinu sem sést m.a. á því að beina lýðræði þreifst í góðri sátt við fulltrúalýðræðið. Einn angi þessarar þróunar var barátta fyrir auknum réttindum og frelsi kvenna sem valdakarlar studdu við bakið á. Þær þroskalýðræðishugmyndir sem birtust í verkum Mary Wollstonecraft og John Stuart Mill féllu í frjóan jarðveg á Íslandi í lok 19. aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu. Íslenskir ráðamenn trúðu flestir á þessum

¹¹⁸ Auður Styrkárstöttir, *Barátta um vald*, 57.

¹¹⁹ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálslýndi til feðraveldis,“ 88-89.

¹²⁰ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Áfengislöggjöfin 1887-1909, 57 og 72-73.

¹²¹ Svanur Kristjánsson, „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálslýndi til feðraveldis,“ 89.

tíma á frelsi og meðfædd réttindi manna í anda frjálslyndra kenninga og margir þeirra, líkt og Jón Ólafsson, trúðu því að beint lýðræði væri hið æðsta form lýðræðis. Í þessum anda töldu þeir rétt að byggja kosningaréttinn á almennum skilyrðum líkt og fram kom í riti Jóns Ólafssonar sem kom út árið 1880 og verður að teljast fyrsta verk á íslensku í stjórn málafræði. Þessi skoðun Jóns, og fleiri ráðamanna kom einnig skýrt fram í umræðum á Alþingi um kosningarétt og kjörgengi kvenna árið 1881. Töldu margir þeirra að rétt væri að konur nytu að fullu sömu réttinda og karlar þrátt fyrir að margir þeirra væru tregir til að leggja fram frumvarp þess efnis vegna ótta við neitunarvald danskra stjórnvalda.

Mikil umskipti urðu hins vegar á viðhorfi ráðamanna um og eftir 1911 eins og sést t.d. vel þegar ummæli Jóns Ólafssonar frá mismunandi tímabilum eru borin saman. Þannig studdi hann kvenréttindi við upphaf tímabilsins og talaði fyrir almennum reglum hvað kosningarétt varðaði. Eftir bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík árið 1908 skrifaði hann í blað sitt *Reykjavík* og bauð hina nýju kvenkyns bæjarfulltrúa velkomna og sagði jafnframt að þær hefðu haft greind, giftu og þrek til að sameinast um einn lista og standa fast um hann. Árið 1909 ítrekaði hann enn stuðning sinn við kvenfrelsi í tengslum við frumvarp Hannesar Hafstein þar sem rætt var um takmarkanir á kosningarétti kvenna. Sagði hann af því tilefni að það hefði alltaf verið hans sannfæring að hver vera í mannsmynd ætti heimtingu á þeim mannlega rétti sem hann teldi kosningaréttinn vera. Árið 1911 kvað hins vegar við annan tón er Jón lýsti yfir stuðningi við frumvarp nafna síns í Múla sem innihélt aldurstakmarkanir á kosningarétti kvenna. Jón Ólafsson var hins vegar ekki eini frjálslyndi þingmaðurinn sem hafði snúið baki við frjálslyndum hugsjónum sínum og árið 1915 varð stjórnarskrárbundið kynjamisrétti að veruleika á Íslandi.

Þá miklu breytingu sem varð á fáum árum á viðhorfi íslenskra ráðamanna til kvenréttinda upp úr aldamótunum 1900 má án efa rekja til fleiri en eins þáttar en illmögulegt væri að greina undirrót og áhrif sinnaskipta þeirra án þess að styðjast við kenningu um feðraveldi. Hér hefur verið stuðst við slíka kenningu og kyn þeirra sem annars vegar börðust fyrir völdum og hins vegar þeirra sem með völdin fóru skoðað sem ákvarðandi þáttur í atburðarásinni. Þar sem karlar hér, líkt og annar staðar, réðu ríkjum í hinum pólitíska leik gátu þeir stjórnað hverjir voru þátttakendur í honum. Mín niðurstaða er sú að ráðakarlar hafi tekið að óttast vald kvenna og meðvitað eða

ómeðvitað tekið ákvörðun um að halda þeim fyrir utan, eða hægja á inngöngu þeirra inn á, hinn pólitíska leikvang þegar þeir áttuðu sig á því að valdastöðum þeirra stæði ógn af þeim. Þetta má m.a. sjá á umfjöllun blaða frá þessum tíma þar sem því var haldið fram að yrði stjórnarskrárfrumvarp um jafnan kosningarétt kvenna og vinnumanna frá árinu 1911 samþykkt myndi bændastéttinn í landinu missa öll völd sín. Svipaðar rökfærslur mátti finna í máli þingmanna sem sumir hverjir sögðust berum orðum óttast að konur myndu líta á sig sem sérstakan flokk sem aðeins myndi kjósa aðrar konur fengju þær sama kosningarétt og karlar. Jón Ólafsson, og fleiri þingmenn sem voru sömu skoðunar, vísuðu til bæjarstjórnarkosninganna í Reykjavík máli sínu til stuðnings og hnýttu í konur fyrir að hafa í þeim farið illa með kosningarétt sinn. Einnig hófu andstæðingar kvenfrelsis eins og áður segir að draga í efa skynsemi, vitsmuni og dómgreind kvenna á opinberum vettvangi. Þær miklu breytingar sem höfðu átt sér stað á því tímabili sem hér hefur verið til skoðunar auk þeirra atburða sem áttu sér stað árið 1908 og ræddir eru hér að framan urðu þess valdandi að ráðamenn fóru að óttast mjög um stöðu sína. Valdakarlar fóru að sjá konur sem ógn fremur en bandamenn og í stað þess að styðja við frekari lýðræðisuppbyggingu í landinu sneru þeir baki við frjálslýndum hugsjónum og við tók hnignun lýðræðis og íslenskt feðraveldi.

Heimildir

- Atli Harðarson. „Inngangur“ í *Ritgerð um ríkisvald*, 9-39. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1986.
- Auður Styrkárstöttir. *Barátta um vald: Konur í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908-1922*. Reykjavík: Háskóli Íslands: Háskólaútgáfan, 1994.
- _____. „Forspjall.“ Í *Kúgun kvenna*, ritstjóri Vilhjálmur Árnason, 9-65. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997.
- _____. „From Feminism to Class Politics: The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík 1908-1922.“ Doktorsritgerð, Umeå University: Department of Political Science, 1998.
- Becker, Carl Lotus. *The declaration of independence: A study in the history of political ideas*. New York, 1966.
- Björg Einarsstöttir. *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna II: Erindi flutt í Ríkisútvarpið 1984-1985*. Reykjavík: Bókrún, 1986.
- Bríet Héðinsstöttir. *Strá í hreiðrið: Bók um Bríeti Bjarnhéðinsstöttir byggð á bréfum hennar*. Reykjavík: Svart á hvítu, 1988.
- Erla Hulda Halldórsstöttir, „Constructing Identity. A Critical Assessment of the Gender Perspective in Icelandic Historiography.“ í *Professions and Social Identity: New European Historical Research on Work, Gender and Society*, ritstjóri Berteke Waalkijk, 135-145. Piza: Edizioni Plus Piza University Press, 2006.
- Gilje, Nils og Gunnar Skirbekk. *Heimspokisaga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999.
- Gunnar Karlsson. *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautalöndum*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1977.
- Ingi Sigurðsson. *Erlendir straumar og íslensk viðhorf: Áhrif fjölbjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830-1918*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2006.
- Locke, John. *Ritgerð um ríkisvald*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1986.
- Markoff, John. *Waves of Democracy: Social Movements and Political Change*. London: Pine Forge Press, 1996.
- Mill, John Stuart. *Kúgun kvenna*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997.
- Sigríður Matthíasstöttir. *Hinn sanni Íslendingur – þjóðgervi, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004.
- _____. „Uppnám og uppbrot: Kvenfrelsisstefnan á árunum 1907-1911 og þáttur Hins íslenska kvenfélags.“ Birtist í *Kosningaréttur kvenna 90 ára: Erindi á málþingi 20. Maí 2005*, ritstjórar Auður Styrkárstöttir og Kristín Ásgeirstöttir, 65-

78. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands og Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum, 2005.

„Karlur og viðhorf þeirra til kvenréttinda á Íslandi um aldamótin 1900.“ Birtist í *Ritið 1/2008*, ritstjórar Björn Þorsteinsson og Gauti Kristmannsson, 33-62. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2008.

Sigríður Th. Erlendsdóttir. *Veröld sem ég vil: Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907-1922*. Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, 1993.

Sigríður Thorlacius. *Margar hlýjar hendur: Ágrip af sögu Kvenfélagasambands Íslands, héraðssambanda og féлага sem það mynda*. Reykjavík: Kvenfélagasambandi Íslands, 1981.

Svanur Kristjánsson. „Ísland á leið til lýðræðis: Frá kvenfrelsi og frjálsslyndi til feðraveldis.“ Birtist í *Ritið 1/2008*, ritstjórar Björn Þorsteinsson og Gauti Kristmannsson, 63-90. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2008.

„Ísland á leið til lýðræðis: Áfengislöggjöfin 1887-1909.“ Birtist í *Saga: Tímarit sögufélags Reykjavíkur XLIV:2*, ritstjórar Hrefna Róbertsdóttir og Páll Björnsson, 51-89. Reykjavík: Sögufélag, 2006.

„Ísland á leið til lýðræðis: Löggjöf um stjórn Reykjavíkur 1872-1914.“ Birtist í *Ritið 2/2006*, ritstjórar Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Ólafur Rastrick, 27-41. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2006.

Sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna. *The Declaration of Independence: A Transcription*, maí 2010, http://www.archives.gov/exhibits/charters/declaration_transcript.html (sótt 26. maí, 2010).

